

Skýrsla

Framhaldsskólinn á Laugum

Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti



Bragi Guðmundsson
Trausti Þorsteinsson

Gát sf

2014

Framhaldsskólinn á Laugum
Úttekt á starfsemi fyrir mennta- og
menningarmálaráðuneyti

Gát sf
2014

© Gát sf. Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2014.
Framhaldsskólinn á Laugum. Úttekt.
Unnin að ósk Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.
Mynd á forsíðu fengin af heimasíðu Framhaldsskólans á Laugum.

ISBN 978-9935-436-48-1

Heildarniðurstöður

- Framhaldsskólinn á Laugum er fámennur heimavistarskóli í sveit og lítur á landið allt sem upptökusvæði sitt. Hann er í mörgum húsum og hefur tiltölulega rúmt um starfsemi sína. Unnið hefur verið að endurbótum og endurgerð elsta húsnæðisins og það lagað að þörfum skólans.
- Formleg skólanámskrá Framhaldsskólans á Laugum liggur ekki fyrir en unnið er að gerð skólanámskrár í samræmi við lög um framhaldsskóla, ákvæði aðalnámskrár og áherslur skólasamnings. Fyrir liggja drög þar sem finna má flest stefnuskjöl og markmið skólans.
- Starfsmannavelta er tiltölulega lítil en í fámennum skóla reynir mikið á þverfaglega hæfni kennara. Kennarar eru almennt með leyfisbréf framhaldsskólakennara og vel menntaðir. Í skólasamningi er áhersla lögð á að þróa kennsluáferðir og námsmat en hvoru tveggja þarf að fylgja betur eftir af hálfu skólans.
- Nemendafjöldi hefur haldist nokkuð jafn á undanförunum árum og koma nemendur af öllu landinu. Flestir nemenda skólans eru á „hefðbundnum“ framhaldsskólaaldri. Fjarvistir eru tiltölulega miklar og brotthvarf hlutfallslega of hátt. Nemendafélagið sinnir félagslífi en virkja þarf það til aukinnar þátttöku í hagsmunagæslu fyrir nemendur við ýmsa faglega vinnu innan skóla og ákvarðanir.
- Skólinn leggur áherslu á sveigjanlegt námsumhverfi og persónubundnar námsáætlanir. Kennsluhættir taka mið af þessu en hluti af kennslutíma fer fram í vinnustofum þar sem nemandinn ákveður sjálfur hvað hann tekur fyrir hverju sinni. Honum er þannig fengin aukin ábyrgð á eigin námi. Gerð hefur verið móttökuáætlun fyrir erlenda nemendur og nemendum með sérþarfir stendur til boða nám á almennri námsbraut.
- Starfandi námsráðgjafi hefur aðgang að sálfræðingi fyrir þá nemendur sem þess þurfa og er jafnframt í samstarfi við hjúkrunarfræðing og lækni ef á þarf að halda. Heilsugæslu er vel sinnt af hálfu skóla. Læknir er reglulega á staðnum og hjúkrunarfræðingur er til staðar í skólanum á vissum tímum og geta nemendur leitað til hans eftir þörfum.
- Stjórnkerfi skólans er í samræmi við lög. Skipurit hans lýsir lítilli yfirstjórn og tiltölulega mikilli jafnstöðu starfsmanna. Stjórnendur eru fáir og starfslýsingar þeirra og annarra starfsmanna eru skýrar. Reglulegir fundir skólanefndar hafa farið úr skorðum og dregið hefur úr samráði skólameistara við nefndina. Reynt hefur á í rekstri skólans sem hefur verið rekinn með halla undanfarin ár.
- Samskipti innan skóla eru alla jafna góð og nemendur lýsa almennt ánægju með skólann. Eldri nemendur sýna skólanum ræktarsemi með gjöfum og á skólinn mikið safn listaverka og annarra gjafa.
- Sjálfsmat fer reglubundið fram og er þess gætt að það spanni sem flesta þætti skólastarfsins. Matið er reist á traustum gögnum, það er virkt tæki sem veitir upplýsingar um veikleika og styrkleika sem bregðast má við. Hvorki nemendur, annað starfsfólk né foreldrar eiga aðild að sjálfsmatinu og kennarar eru litlir þátttakendur í framkvæmd matsins.
- Foreldraráð hefur ekki verið stofnað við skólann og alls ekki auðvelt að koma því við miðað við aðstæður. Áhrif foreldra á stefnumótun skólans eru því nánast engin.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	6
2	Framhaldsskólinn á Laugum.....	7
2.1	Húsnæði og búnaður.....	7
2.2	Hlutverk og stefna.....	8
2.2.1	Jafnréttisáætlun.....	9
2.2.2	Aðgerðaáætlun vegna eineltismála.....	9
2.3	Markmið og aðgerðir 2013–2014.....	10
2.4	Bókasafn.....	11
2.5	Tölvur og upplýsingatækni.....	11
2.6	Náms- og starfsráðgjöf.....	12
2.7	Mötuneyti.....	12
2.8	Skrifstofa.....	12
2.9	Heilsugæsla.....	13
2.10	Þvottahús.....	13
2.11	Heimavistir.....	13
2.12	Mat úttektaraðila.....	13
3	Nám og kennsla.....	15
3.1	Skólanámskrá.....	15
3.2	Námsbrautir.....	15
3.3	Kennsluhættir.....	16
3.3.1	Námsmat.....	17
3.4	Menntasetur á Þórshöfn.....	17
3.5	Þróunarverkefni.....	18
3.6	Mat úttektaraðila.....	18
4	Nemendur.....	20
4.1	Fjöldi nemenda í námshópum.....	21
4.2	Umsjón.....	21
4.3	Fjarvistir og brotthvarf.....	21
4.4	Brautskráningar.....	22
4.5	Nemendur með sérþarfir.....	23
4.5.1	Nemendur af erlendum uppruna.....	23
4.6	Nemendafélag.....	24
4.7	Mat úttektaraðila.....	25
5	Mannauður.....	26
5.1	Starfsmannavelta.....	27
5.2	Starfsþróun.....	27
5.3	Forfallakennsla.....	27
5.4	Mat úttektaraðila.....	27
6	Stjórnun og rekstur.....	28
6.1	Skólanefnd.....	29
6.2	Skólaráð.....	29
6.3	Skólafundir.....	30
6.4	Rekstur skólans.....	30
6.4.1	Rekstur heimavista.....	31
6.5	Mat úttektaraðila.....	31
7	Skólabragur og samskipti.....	32
7.1	Heilsueflandi framhaldsskóli.....	32

7.2	Forvarnir.....	33
7.3	Mat úttektaraðila	33
8	Innra mat.....	34
8.1	Starfsmannasamtöl	35
8.2	Mat úttektaraðila	35
9	Foreldrasamstarf og ytri tengsl	36
9.1	Tengsl við stofnanir.....	36
9.2	Mat úttektaraðila	36
10	Niðurstöður	37
10.1	Styrkleikar og veikleikar	40
10.2	Aðgerðir.....	41
11	Heimildaskrá.....	42
12	Fylgiskjöl	44

Myndir

Mynd 1: Fjöldi nemenda á námsbrautum FL 2009-2014.	16
Mynd 2. Búseta nemenda FL samkvæmt póstnúmerum haustið 2014.	20
Mynd 3: Aldursdreifing nemenda haustið 2014.	21
Mynd 4. Hlutfall brotthvarfs í Laugaskóla 2009–2014.	22
Mynd 5. Fjöldi brautskráðra af námsbrautum FL 2009–2014.	23
Mynd 6. Skipurit Framhaldsskólans á Laugum.	28

Töflur

Tafla 1. Stöðugildi og starfsmenn FL haustið 2014.	26
Tafla 2. Önnur störf og fjöldi starfsmanna.	26

1 Inngangur

Textinn sem hér fer á eftir geymir niðurstöður úttektar á starfsemi Framhaldsskólans á Laugum í samræmi við fyrirmæli gildandi laga og erindisbréf. Við úttektina er jafnframt litið til *Aðalnámskrár framhaldsskóla*, 2004 og 2011, og reglugerða eftir því sem við á. Námsmatsstofnun fól Gát sf. að annast úttektina skv. samningi dags. 15.9.2014. Sérfræðingar sem að úttektinni komu og skýrsluskrifum voru Bragi Guðmundson, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Trausti Þorsteinsson, dósent við sama svið og skóla. Gunnar Gíslason, fyrrverandi fræðslustjóri, annaðist úrvinnslu viðtala.

Í samningi Námsmatsstofnunar og úttektaraðila er úttekt á starfsemi Framhaldsskólans á Laugum sögð felast í „sjálfstæðu mati á þáttum sem teknir eru út, gerð tillagna um úrbætur og skýrslna um verkefnið.“ Að auki er tilgreint að markmiðið sé að meta starfsemi skólans „með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemina.“ Þá segir að verksala beri að meta helstu styrkleika og veikleika í starfsemi hvors skóla og gera „tillögur um hvaðeina sem hann telur að gæti horft til bóta“ í starfseminni. Í úttektarleiðbeiningum eru nánari fyrirmæli og þar kemur fram að horfa beri sérstaklega til eftirfarandi þátta: Skólans og umhverfis hans, skólanámskrár, stjórnunar og reksturs, náms og kennslu, skólabrags og samskipta, innra mats, samstarfs við foreldra og nemenda með sérþarfir. Meginkaflaskipan skýrslunnar fylgir í öllum aðalatriðum þessum fyrirmælum Námsmatsstofnunar. Að lokinni grunnupplýsingagjöf innan hvers kafla þar sem leitast er við að draga upp mynd af viðfangsefninu kemur mat úttektaraðila og bent er á leiðir til úrbóta þar sem þeirra er þörf. Stutt samantekt er fremst í skýrslunni.

Gagnaöflun fór fram með þrennum hætti: Fyrst var heimasíða skólans könnuð og þangað sóttar upplýsingar um skipulag hans og starfsemi. Að því búnu var óskað upplýsinga um tiltekin atriði með bréfi til skólameistara, dagsett 18. september 2014 (fylgiskjal 1). Við þeim óskum var brugðist fúslega. Í þriðja lagi heimsóttu úttektaraðilar skólann 6.–7. október. Markmiðið var að kynna skólanum og skólastarfinu af eigin raun og taka ítarleg viðtöl við hlutaðeigandi. Í þessum viðtölum var stuðst við viðtalsramma og voru þau öll hljóðrituð með góðfúslegu leyfi viðmælenda. Viðtöl voru tekin við: Skólameistara, formann skólanefndar (viðtalið var tekið síðar og símleiðis), áfangastjóra, námsráðgjafa, sérkennara, skólasafnvörð, netstjóra/tækjavörð, fjármálastjóra, ritara, stjórn nemendafélagsins, húsvörð, bryta, þvottastjóra og verkefnisstjóra Þórshafnardeildar auk þriggja nemenda í deildinni. Auk þess voru tekin rýniviðtöl við hópa kennara og nemenda. Samtals var rætt við 33 einstaklinga.

Óskað var liðsinnis formanns nemendafélagsins við tilnefningu nemenda í rýnihópa og trúnaðarmanns kennara um val á kennurum í rýnihópa. Nánari upplýsingar um gögn að baki skýrslunni eru í heimildaskrá. Úttektaraðilar þakka öllum þeim sem þátt tóku í rýnihópum, veittu viðtöl og aðstoð með öðrum hætti við gagnaöflun.

2 Framhaldsskólinn á Laugum

Framhaldsskólinn á Laugum (FL) í Reykjadal var stofnaður árið 1988 með sameiningu Héraðsskólans á Laugum og Húsmæðraskóla Þingeyinga. Fyrstu ár FL voru starfræktar fjórar brautir til tveggja og þriggja ára, almenn bóknámsbraut, viðskiptabraut, matvælatæknibraut og íþróttabraut. Framhaldsskólinn á Laugum er heimavistarskóli og þangað koma nemendur alls staðar að af landinu.

Skólalald hefur verið samfleytt á Laugum frá árinu 1925 er Alþýðuskóli Þingeyinga hóf göngu sína. Þar er því löng og rík skólahefð og staðurinn í raun menntasetur Þingeyinga lengst af tuttugustu öld.

FL hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1993. Fyrst með aðstoð Fjölbrautaskólans í Garðabæ, sem annaðist útskriftina formlega, en frá 1997 upp á eigin spýtur. Lengi voru skiptar skoðanir um það hvort skólinn ætti að bjóða upp á fjögurra ára nám til stúdentsprófs eða halda sig við styttri brautir. Stúdentsprófið varð ofan á og frá árinu 1997 hefur skólinn útskrifað stúdenta af félagsfræði-, náttúrufræði- og íþróttabrautum.¹

Fyrsti skólameistari Framhaldsskólans á Laugum var Steinþór Þránínsson. Núverandi skólameistari er Hallur Birkir Reynisson, Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir er áfangastjóri og jafnframt staðgengill skólameistara, Þórunn Sigtryggisdóttir er fjármálastjóri.

Einkunnarorð skólans eru: Metnaður, trúmennska, tillitssemi og glaðlyndi.

2.1 Húsnæði og búnaður

FL er starfræktur í sjö stórum húsum sem eru samtals yfir 6.500 fermetrar. Elst er *Gamli skóli* sem teiknaður var af Guðjóni Samúelssyni. Húsið var reist í tveimur áföngum, 1924 og 1931. Norðurálma með matsal og heimavistum bættist við 1961. Í Gamla skóla eru vinnustofur og heimasvæði nemenda, mótuneyti, bókasafn, þvottahús, félagsaðstaða nemenda, nemenda-verslun, skrifstofur og vinnuaðstaða kennara. Undanfarin ár hefur verið unnið að endurgerð á húsinu að innan með það að markmiði að nýta það á sem bestan hátt í ljósi nýrra krafna til skólahúsnæðis.²

Þróttó, gamla íþróttahúsið, er kvikmyndahús. Salurinn var gerður upp af nemendum árið 2005 og er hann notaður við margs konar tilefni, svo sem fyrir fundi, fyrirlestra eða skemmtanir. Nýtt íþróttahús var tekið í notkun 1978 og árið 2005 var vígð útisundlaug sem tengist því. Heilbrigðisstofnun Þingeyinga hefur aðstöðu í íþróttahúsinu og þar hafa læknar viðtalstíma fyrir íbúa í Reykjadal einu sinni í viku auk þess sem þar starfar sjúkraþjálfari. Hjúkrunarfræðingur og sálfræðingur koma reglulega á staðinn og hafa aðstöðu í gamla skóla. Nemendur leita til þeirra skv. ábendingum námsráðgjafa.

Í *Dvergasteini*, sem reistur var í tveimur áföngum, 1949 og 1957, eru kennslustofur fyrir bóklega kennslu og aðstaða fyrir verklega smíðakennslu. Þar er einnig heimavist og tvær kennaraíbúðir.

Í *Álfasteini* eru heimavistarherbergi en kennslustofur þar eru leigðar út undir skrifstofur og háskólasetur. Þar er ein kennaraíbúð auk kennslueldhúss.

Fjall er heimavist frá 1967. Það var endurnýjað árið 2000. Þar er einnig kennaraíbúð.

Tröllasteinn er heimavist sem byggð var árið 2000.

Heimavistirnar eru nokkuð mismunandi en í þremur af fjórum heimavistarhúsum eru sérbaðherbergi með sturtu fyrir hvert vistarherbergi. Á öllum vistarherbergjum er

¹ *Saga skólalalds á Laugum*. (2011).

² *Aðstaðan*. (2011).

netsamband, bæði þráðlaust og með snúru. Á kvöldin eru húsbændur nemendum innan handar og fylgst er með umgengni á herbergjum á tveggja vikna fresti.³ Reglur heimavista og skóla eru birtar á heimasíðu Laugaskóla.⁴

Unnið er skipulega að endurnýjun og viðhaldi húsa Laugaskóla í samvinnu við Fasteignir ríkisins og hafa þær framkvæmdir gengið vel að sögn skólameistara. Hann tekur jafnframt fram að því fylgi margvíslegt óhagræði að hafa skólahaldið dreift um svo margar byggingar sem raun ber vitni auk þess sem hár fermetrafjöldi leiði óhjákvæmilega til mikils húsaleigukostnaðar.

2.2 Hlutverk og stefna

Formleg stefna FL hefur ekki verið mótuð og enga slíka er að finna á heimasíðu skólans. Þar segir hins vegar í almennri kynningu að skólinn leggi áherslu á persónulega þjónustu og umhyggju gagnvart nemendum en jafnframt séu gerðar til þeirra kröfur í námi og samskiptum. Þar segir einnig að nemendur sem sækja heimavistarskóla búi að því alla ævi, bæði hvað varðar vini sem þeir eignast og hæfni til félagslegra samskipta. Dvöl í heimavistarskóla sé góður skóli í mannlegum samskiptum. Loks segir að lögð sé mikil áhersla á fjölbreytt íþróttastarf, svo segja megi að lögð sé alúð við ræktun bæði líkama og sálar.⁵

Að sögn skólameistara er unnið að mótun stefnu um ýmsa þætti skólastarfsins í tengslum við gerð nýrrar skólanámskrár og liggja drög að henni fyrir (sjá nánar í þriðja kafla). Í þeim er sagt að FL leggi áherslu á að grunnþættir menntunar séu „sýnilegir þættir í námi og kennslu nemenda, í skipulagi og starfsháttum skólans og þróunaráætlun hans.“ Aðeins seinna í skjalinu er allangur kafli um almenn markmið og leiðir þar sem sett eru fram fimm lykilatriði og skilgreindum leiðum að þeim. Þessi lykilatriði lúta að fjölbreytni í námsframboði; góðum staðblæ; fjölbreytni í kennslu-, náms- og námsmatsaðferðum; góðu vinnuumhverfi fyrir alla; notkun upplýsingatækni sé lykilþáttur í skólastarfinu. Sum þessara atriða verða rædd frekar síðar í þessari skýrslu. Þá eru enn ótaldir margir punktar sem ætlað er að fara ymist í menntastefnu skólans, starfsmannastefnu eða umhverfisstefnu, en formlega hefur ekki verið frá þeim gengið.⁶

Í skólasamningi eru skilgreindar megináherslur í starfi Laugaskóla:

- FL er bóknámskóli á framhaldsskólastigi.
- Námsumhverfi er sveigjanlegt og námsáætlanir eru persónubundnar.
- Námsaðferðir eru fjölbreyttar.
- Skóladagur er samfelldur, engar eyður eru í stundaskrá og allur tími er nýttur til náms og kennslu.
- Öllum nemendum er sinnt sem einstaklingum.
- Nemendur ráða námshraða sínum.

Skólinn er fámennur heimavistarskóli í sveit og gerir í raun út á það framboð. Skólinn hefur í sjálfu sér ekki skilgreint neitt upptökusvæði og segist skólameistari líta svo á að upptökusvæðið sé í raun landið allt. Flestir nemendur koma þó af norðausturlandi.⁷

Á heimasíðu kynnir skólinn mótaðar áætlanir um jafnréttismál og viðbrögð gegn einelti.

³ Heimavistirmar. (2011).

⁴ Reglur heimavistar og skóla. (2011).

⁵ Skólinn. (2011).

⁶ Ársskýrsla 2013. (2014), ótölusettar síður.

⁷ Skólasamningur 2013–2014. (2013).

2.2.1 Jafnréttisáætlun

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 hefur FL sett sér eftirfarandi markmið í jafnréttisáætlun:

- Kynjahlutfalli starfsfólks og nemenda skal haldið eins jöfnu og kostur er.
- Laun skulu byggjast á kjarasamningum og lögum óháð kynferði.
- Lausar stöður við stofnunina skulu auglýstar svo höfði til beggja kynja.
- Starfsþjálfun og endurmenntun til að auka hæfni sína í starfi og möguleika til bættra starfskjara standi öllum jafnt til boða óháð kynferði.
- Samræming atvinnu- og fjölskyldulífs skal mætt með sveigjanlegum vinnutíma og eða hlutastörfum eftir því sem hægt er. Bæði kyn eru hvött til að nýta sér rétt til töku fæðingarorlofs.
- Lögð sé áhersla á tillitsemi, trúmennsku og glaðlyndi í samskiptum starfsmanna og nemenda. Einelti og kynferðisleg áreitni er óásættanlegt.

Þessi áætlun nær til allrar starfsemi skólans. Á grundvelli hennar á að gera sérstaka framkvæmdaáætlun sem ber að endurskoða árlega af jafnréttisfulltrúa og skólameistara og leggja mat á hvort markmiðunum sé náð. Jafnréttisáætlunina sjálfa á hins vegar að endurskoða á þriggja ára fresti.

Jafnréttisfulltrúi er skipaður af skólameistara og starfar í umboði hans við framkvæmd jafnréttisstefnu og framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum. Helstu verkefni hans eru:

- a. Að tryggja framgang stefnu og framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum, fylgja eftir verkefnum og meta árangur af aðgerðum.
- b. Að vinna að stefnumörkun í jafnréttismálum, undirbúa reglulega endurskoðun framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum og jafnréttisstefnunnar með hliðsjón af hlutverki og stefnu skólans ásamt ákvæðum jafnréttislaga.
- c. Að veita stjórnendum og starfsmönnum upplýsingar vegna jafnréttismála.⁸

2.2.2 Aðgerðaáætlun vegna eineltismála

Skólinn hefur samþykkt aðgerða- og viðbragðsáætlanir vegna eineltismála og birtir þær á vefsíðu skólans. Þar segir í aðgerðaáætluninni:

- Brýnt er fyrir nemendum skólans að þegar ágreiningur kemur upp þeirra á milli sé rétt að ræða málin og reyna að komast að málamiðlun og fá aðstoð til þess frá öðrum ef á þarf að halda. Þetta er kynnt fyrir nemendum með reglubundnum hætti. Til dæmis í umsjónar- og lífsleiknitímum.
- Nemendur sem og aðrir eru hvattir til að láta stjórnendur eða námsráðgjafa vita ef þeir eða aðrir verða fyrir einelti eða ofbeldi. Öllum á að geta liðið vel í skólanum og njóta virðingar sem einstaklingar. Gera þarf nemendum grein fyrir því að ef þeir segja frá því að einhverjum líði illa vegna eineltis eða annars ofbeldis sé það trúnaðarmál.
- Nemendur eru hvattir til að taka afstöðu gegn einelti og ofbeldi í verki með því að bregðast við til hjálpar og láta vita. Einnig er mikilvægt að gera nemendum grein fyrir því að það að skilja útundan eða hunsa, senda samnemendum dónaleg eða særandi skeyti í sms eða gegnum tölvu og að fjalla um samnemendur sína á niðurlægjandi eða særandi hátt á internetinu er jafnmikið einelti og að hæðast að eða berja.
- Nemendur eru fræddir um þá afstöðu skólans að einelti og ofbeldi líðst ekki. Verði nemendur uppvisir að slíku geti viðurlögum verðið beitt ef þurfa þykir.

⁸ Jafnréttisáætlun. (2012).

- Kanna skal líðan nemenda reglulega og verður það unnið í samráði við starfshóp um einelti. Ef upp kemur einelti er það í höndum starfshópsins að vinna að lausn málsins. Þrír starfsmenn skólans eiga sæti í hópnum. Námsráðgjafi, kennari og hjúkrunarfræðingur.
- Áætlun um viðbrögð við einelti er sýnileg á heimasíðu skólans og er kynnt starfsfólki og foreldrum / forráðamönnum nýnema í skólabyrjun á haustin.⁹

Í viðbragðsáætluninni er þessum sömu atriðum fylgt eftir og rakið skref fyrir skref hvernig nálgast skal mál af þessu tagi ef og þegar þau koma upp.

2.3 Markmið og aðgerðir 2013–2014

Í viðauka með skólasamningi eru tíunduð meginmarkmið og undirmarkmið sem skólinn hyggst vinna að á samningstímanum, þ.e. til ársloka 2014. Þessi markmið eru:

Nemendur

- Að bæta ástundun nemenda.
 - Bæta mætingu nemenda sem hefur verið að meðaltali 79% í 84% á skólaárinu 2013–2014.
 - Draga úr brottfalli úr áföngum sem hefur verið 6% í 5% á skólaárinu 2013–2014.
- Að nemendum líði vel í skólanum.
 - Að kannanir leiði í ljós að núverandi markmið um að yfir 90% nemenda líði vel í skólanum haldi eða aukist á skólaárinu 2013–2014.
 - Að nemendur hafi daglegan aðgang að námsráðgjafa og reglulegan aðgang að heilbrigðisþjónustu og sálfræðingi skólaárið 2013–2014.

Nám

- Skólinn leggur áherslu á að auka úrval námsbrauta.
 - Að boðið sé upp á nám á starfsbraut í ferðamálafræðum á skólaárinu 2014–2015.
- Að þróunarverkefni skólans undanfarin 4 ár sé fasti í skólastarfinu og leiðarstjarna skólaárin 2013–2015
- Að bæta námsárangur nemenda þannig að meðaleinkunn nemenda hækki úr 7.1 í 7.5 skólaárið 2014–2015.
- Að ný framhaldsskólalög verði að fullu gengin í gildi árið 2015.
 - Að áfangalýsingar og námsbrautir nýrrar skólanámskrár séu samþykktar af ráðuneyti haustið 2014.
 - Að almennur hluti skólanámskrár sé samþykktur af ráðuneyti vorið 2015.

Kennsla

- Að skólinn hafi yfir að ráða hæfum og vel menntuðum kennurum og starfsfólki.
 - Að allir kennarar séu framhaldsskólakennarar með leyfisbréf skólaárið 2013–14.

Stjórnun

- Að þróunar- og umbótastarf skólans sé virkt og skili árangri 2014–2015.
- Að skólinn verði viðurkenndur sem heilsueflandi framhaldsskóli eigi síðar en árið 2014.

Samstarf við aðra

- Samstarf við grunn- og leikskóla og félagasamtök í sveitarfélaginu verði eflt með reglubundnu samráði, fyrsti fundur verði á vorönn 2013.
 - Að nemendur í 10. bekk sem hafa burði til, geti stundað nám í einstökum áföngum við skólann frá skólaárinu 2013–2014.
 - Að nemendur íþróttabrautar taki að sér þjálfun og kennslu grunn- og leikskólanema á svæðinu, í umsjón Umf. Eflingar, í verklegum þætti náms síns.
 - Að nemendum skólans sé árlega gefinn kostur á þátttöku í uppsetningu á leiksýningu með leikdeild Eflingar og það sé metið sem valgrein.¹⁰

⁹ Áætlun um viðbrögð gegn einelti. (2011).

Að sögn skólameistara hefur gengið misvel að ná þessum markmiðum. Hann nefnir að ekki hafi tekist að fjölga námsbrautum og kennir mennta- og menningarmálaráðuneytinu að nokkru þar um. Vilji sé einfaldlega ekki til slíks vegna nemendafæðar. Hins vegar sé verið að íhuga að bjóða dreifnám í ferðamálafræðum, líklega aðeins staka áfanga, og einnig hafi verið leitað samstarfs við Þekkingarnet Þingeyinga um starfsnám yfir sumartímann.

Hægt hefur gengið að bæta mætingu nemenda en tekist hefur að minnka brottfall á undanförunum misserum. Námskrárvinnan er ögn á eftir áætlun, ekki er búið að fá brautalýsingar nýrrar námskrár staðfestar af ráðuneyti, en engu að síður er ekki reiknað með að verklok frestist. Unnið er að öðrum markmiðum og eru þau á áætlun.

2.4 Bókasafn

Bókasafn FL er á rishæð Gamla skóla. Því er ætlað að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur, kennara og annað starfsfólk. Starfsemi er ætlað að styðja nám, kennslu, félagslíf og þróunarstarf. Á safninu er vinnuástaða fyrir um 30 nemendur í senn, þar af eru fjórtán sæti frátekin fyrri vinnustofur.

Á bókasafninu eru um 6800 bækur, tímarit, myndbönd, margmiðlunarefni og geisladiskar og er safnkostur skráður í Gegni. Bækur í geymslu hafa hins vegar ekki verið skráðar í bókasafnskerfið ennþá. Flest gögn safnsins eru til útláns, en kennslubækur og orðabækur eru þó aðeins lánaðar einn dag í senn. Handbækur eru aðeins lánaðar innan skóla.

Nemendur fá kynningu á skólasafninu og starfsemi þess og skipulagi safnkosts. Bókasafnskerfið er kynnt nemendum og þeir þjálfaðir í notkun þess. Kynntir eru innlendir og erlendir gagnagrunnar, leitarvefir og leitarvélur.¹¹ Kennarar óska stundum eftir safnkennslu fyrir sína hópa í upphafi verkefna- og ritgerðavinnu, aðallega vegna heimildaöflunar.

Forstöðumaður er ekki bókasafnsfræðingur en eini starfsmaður bókasafns FL. Starfshlutfall hans er 50% á móti 50% stöðu sem framhaldsskólakennari. Að hans mati er safnið nægilega stórt miðað við nýtingu af hálfu nemenda. Gott samstarf er við Bókasafn Reykdæla á mörgum sviðum, s.s. um millisafnalán og sameiginlega notkun prentara til að prenta út kjalmiða.

2.5 Tölvur og upplýsingatækni

FL er með samning við Microsoft um notkun á Office stýrikerfinu og skólinn notar Moodle sem kennsluumhverfi. Tölvubúnaður FL er eign skólans og ætlaður til náms, kennslu, kynningar og annars þess sem samræmist markmiðum skólans. Í skólanum er háhraðanettenging frá FS-netinu sem er háhraðanet fyrir framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar. Þráðlaus nettenging er í öllum kennslustofum og á öllum herbergjum á heimavist auk þess sem tenglar fyrir internet eru á flestum herbergjum. Nemendur hafa aðgang að tölvum í vinnustofum í Gamla skóla en verða að leggja til sínar eigin tölvur í kennslustofum. Allir nemendur fá notandanafn og aðgangsorð að tölvuneti bæði í kennslustofum og á herbergjum. Nemendur geta prentað á prentara skólans. Ekki er notast við prentkvóta og prentun ekki seld. Öll notkun á tölvukerfi skólans, bæði á heimavistum og annarsstaðar, lýtur sömu reglum.¹²

Einn myndfundabúnaður er í skólanum, staðsettur í fundarherbergi í Gamla skóla. Þar er gagnvirk tafla sem tengd er við hann. Búnaðurinn er einkum notaður í tengslum við

¹⁰ *Skólasamningur*. (2013).

¹¹ *Bókasafn*. [Án árs].

¹² *Tölvumál*. [Án árs].

fjarkennslu til Þórshafnar, sjá í kafla 3.4. Skjávarpar eru í flestum kennslustofum og skólinn sér kennurum fyrir fartölvum, þær eru allar nýlegar. Fartölvudokkir eru í sumum kennslustofum.

Núverandi netstjóri/tækjavörður skólans er jafnframt vefritstjóri og hann hefur umsjón með Moodle námsumhverfinu. Að hans mati eru kennarar misvel á vegi staddir til þess að taka þátt í frekari tölvuvæðingu náms og kennslu. Formleg stefnumótun í þeim efnum hefur ekki átt sér stað.

2.6 Náms- og starfsráðgjöf

Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 segir að í skólanámskrá skuli markmiðum og stefnu skóla varðandi ráðgjöf lýst og hvernig skóli rækir skyldur sínar og hlutverk á þessu sviði. Á heimasíðu FL er engin stefna um ráðgjöf en hins vegar er hlutverki námsráðgjafa skólans lýst. Þar segir að námsráðgjafi sé nemendum til ráðgjafar og aðstoðar við lausn vandamála sem tengjast námi eða félagslegum þáttum skólavistarinnar. Hann er jafnframt ráðunautur kennara um vandamál nemenda, hann sér um náms- og starfsfræðslu skólans og annast ráðgjöf um náms- og starfsval nemenda.¹³

Námsráðgjafi FL er í hálfu starfi en segist verkefnanna vegna auðveldlega geta fyllt fullt starf. Viðfangsefnin sem náms- og starfsráðgjafi fæst við eru ýmiss konar s.s. lestrarörðugleikar, heimþrá, þunglyndi og almennt skipulag á námi nemandans. Gott samstarf er á milli námsráðgjafa og sérkennara skólans.

2.7 Mötuneyti

Sameiginlegt mötuneyti nemenda og starfsmanna er í Gamla skóla og rúmar þá alla vel í senn. Mötuneytið er snyrtilegt í hvítetna en húsnæði þess og búnaður er hvort tveggja komið nokkuð til ára sinna og þarfnast viðhalds og endurnýjunar. Hvort tveggja er á dagskrá næstu misserin.

Í mötuneytinu er boðinn matur í samræmi við leiðbeiningar Landlæknisembættisins og áhersla lögð á að framfylgja stefnu skólans um hollustu, gæði og hreinlæti í matargerð og framreiðslu. Á heimasíðu FL segir að stuðst sé við *Handbók um mataræði í framhaldsskólum* og á hverju hausti er farið yfir framboð m.t.t. leiðbeininga þar. Nemendur á heimavist eru í fullu fæði sem samanstendur af fimm máltíðum á dag fimm daga vikunnar, þ.e. morgunmat, hádegismat, kaffi, kvöldmat og kvöldhressingu. Í boði er einnig sjö daga fæði eða að kaupa stakar máltíðir.

Starfsmenn skólans geta keypt stakar máltíðir eða skráð sig í fastar máltíðir. Yfirmaður mötuneytisins er í fullu starfi og honum til aðstoðar eru fjórar starfsstúlkur í mismunandi stöðugildum.¹⁴

2.8 Skrifstofa

Skrifstofa skólans er í anddyri Gamla skóla. Þar starfar ritari í 85% starfi. Ritari annast almenn skrifstofustörf fyrir skólann, ýmiss konar afgreiðslu í þágu nemenda, kennara og annars starfsfólks og er tengiliður við íbúa heimavistar. Á skrifstofunni eru veittar upplýsingar um skólastarfið og önnur aðstoð sem leitað er eftir. Þar geta nemendur fengið upplýsingar um námsferil sinn, fjarvistir, refsistig fyrir brot á reglum, ef um það er að ræða,

¹³ *Námsráðgjafar*. (2011).

¹⁴ *Mötuneyti: almennar upplýsingar*. [Án árs].

áætlunarferðir til og frá Laugum, o.fl. Ritari selur ljósrit, símakvóta og prentkvóta. Ritari aðstoðar nemendur við tímapantanir hjá læknum, tannlæknum og öðrum, ef óskað er.¹⁵

2.9 Heilsugæsla

Hjúkrunarfræðingur kemur vikulega í skólann, þrjá tíma í senn, til að þjónusta nemendur. Þá kemur læknir vikulega á Lauga á vegum Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og geta nemendur bókað tíma hjá honum. Sálfræðingur kemur hálfsmánaðarlega og nemendur geta leitað til hans í gegnum námsráðgjafa.¹⁶ Þjónusta sálfræðings er mikið notuð þegar hann kemur.

2.10 Þvottahús

Þvottahús á vegum FL er rekið í Gamla skóla. Nemendur á heimavist fá þveginn þvott einu sinni í viku og fá hann svo hreinan og samanbrotinn til baka. Nemendur sem búa utan vistar geta sótt um að fá þvegið af sér í þvottahúsi skólans. Nemendur greiða þvottagjald, að meðaltali kr. 7.000 á mánuði, sem innheimt er með heimavistargjaldi.¹⁷

2.11 Heimavistir

Í drögum að skólanámskrá FL segir að þess sé gætt á heimavistum skólans að nemendur fái næga hvíld og virðing sé borin fyrir einkalífi nemenda. Húsbændur ganga þar vaktir frá því um kvöldmat og fram á nætur og eru nemendum til halds og trausts í hvívetna.

Heimavistirnar eru fjórar og hefur skólameistari þær á sinni ábyrgð en gengur ekki vaktir. Hann skoðar svokallaðar húsbóndabækur sem eru á hverri vist og athugasemdir eru skráðar í. Ef upp koma álitamál fara þau til hans. Húsbændur hafa aðsetur í setustofu í Tröllasteini. Áður voru tveir á vakt um helgar en nú er það aðeins einn vegna sparnaðar. Um helgar fara margir nemendur heim en venjulega eru tuttugu til fjörutíu eftir á staðnum. Vistarbúar þurfa ekki að tilkynna helgarfjarveru og yfirleitt gengur vel að halda reglusemi á vistunum að mati skólameistara. Þegar út af bregður gilda um það sérstakar reglur. Veitt eru refsstig eftir eðli brota en þau fynast á ákveðnum tíma. Í þeim tilvikum sem nemendur eru reknir af vist eru þeir ekki endilega reknir úr skóla og hafa þeir stundum getað fundið sér húsnæði í nágrenninu.

2.12 Mat úttektaraðila

- Framhaldsskólinn á Laugum er fámennur heimavistarskóli í sveit og er það helsta sérkenni skólans.
- Húsnæði FL rúmar auðveldlega þá starfsemi sem þar fer fram og þann nemendafjölda sem í skólanum er.
- Formleg stefna FL hefur ekki verið mótuð. Skólinn hefur samþykkt áætlanir um jafnréttismál og viðbrögð gegn einelti og birtir þær á heimasíðu sinni.
- Unnið er að mótun stefnu um ýmsa þætti skólastarfsins í tengslum við gerð nýrrar skólanámskrár.
- Markmið í skólasamningi eru skipulega sett fram og að þeim er unnið. Ljóst er að þau munu ekki nást öll á samningstímanum (gildir til ársloka 2014) og hugleiða þarf hver

¹⁵ Skrifstofa. (2011).

¹⁶ Heilsugæsla. (2011).

¹⁷ Þvottahús. [Án árs].

þeirra beri að taka upp í nýjum samningi og hvernig best sé að vinna að innleiðingu þeirra.

- Aðstaða á bókasafni er allgóð. Nauðsynlegt er að ráðinn verði bókasafnsfræðingur sem yfirmaður safnsins í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar um starfslið og skipulag framhaldsskóla.¹⁸
- Námsráðgjöf er vel sinnt og skólinn hefur góðan aðgang að heilsugæslu og sálfræðipjónustu fyrir nemendur sína.
- Mötuneytismál nemenda eru í góðu lagi og nemendur virðast ánægðir með aðstöðu og aðbúnað á heimavistum.
- Skýrar reglur eru um umgengnishætti á heimavistum og þeim að mestu fylgt eftir.

¹⁸ *Reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007.*

3 Nám og kennsla

FL býður upp á sveigjanlegt námsumhverfi og persónubundna námsáætlun. Með sveigjanlegu námsumhverfi er átt við að nemendur stundi nám sitt bæði í kennslustundum og í opnum vinnurýmum, vinnustofum, undir verkstjórn kennara. Þetta skipulag kallar á fjölbreyttari náms- og kennsluaðferðir en víðast er. Skóladagur er samfelldur, fagtímar í kennslustundum eru helmingur af tímafjölda hvers áfanga og vinnustofur jafnmargar á móti. Engar eyður eru í stundaskrá nemenda og það gefur nemandanum færi á að nýta tíma sinn vel, bæði til náms og tómstunda. Með persónubundinni námsáætlun er átt við að nemandinn fái persónulega leiðsögn gegnum framhaldsskólann og honum sé gert kleift að ráða nokkru um námshraða sinn. Með sveigjanlegu námsumhverfi og persónubundinni námsáætlun opnast möguleiki til að sinna öllum nemendum sem einstaklingum, bæði þeim sem standa höllum fæti í námi og ekki síður þeim sem búa yfir mestri námslegri færni. Nemendur geta tekið ákveðna námsáfangi eða námsbrautir á þeim hraða sem þeir ráða við og í boði eru hverju sinni. Kjósi nemandi að hraða námi sínu kallar það á vinnuframlag utan hefðbundins skóladags.¹⁹

3.1 Skólanámskrá

Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 segir að skólameistari hafi frumkvæði að gerð skólanámskrár. Skólanámskrá skiptist í tvo hluta almennan hluta og námsbrautarlýsingar. Í almennum hluta skal gerð grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, stjórnskipan, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, ráðgjöf og þjónustu við nemendur, réttindum og skyldum nemenda, foreldrasamstarfi og samstarfi við utanaðkomandi aðila, sjálfsmati og gæðamálum. Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmið laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Skólanefnd skal staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar.

Á heimasíðu FL er engan hlekk að finna sem heitir skólanámskrá. Á henni eru hins vegar ýmsar upplýsingar sem telja má hluta af slíkri námskrá. Nefna má lýsingu á aðstöðu, skipurit skólans og starfslýsingar, námsbrautalýsingar og upplýsingar um námsfyrirkomulag, skóla-reglur, prófareglur, mætingar- og umgengnisreglur, heimavistarreglur, þjónustu af hálfu skóla, sjálfsmat o.fl.

Drög að skólanámskrá FL eru vissulega á heimasíðu skólans en þau eru vistuð aftan við ársskýrslu 2013 sem undirrituð var 28. mars 2014. Engin augljós leið er að þessum drögum á heimasíðunni og þau eru hvorki fullgerð né formlega samþykkt. Í fundargerð skólanefndar frá 4. júlí 2014 segir samt að vinnu við skólanámskrá sé lokið að sinni, hún sé tilbúin til kynningar og verði sett á heimasíðu skólans.²⁰ Rétt þykir að vísa til þessara draga um staka efnisþætti í þessari skýrslu því ætla má að þau séu ákveðið leiðarmerki í daglegu starfi skólans þótt efnisleg staða þeirra sé verulega óljós.

3.2 Námsbrautir


Í skólanum eru starfræktar fjórar námsbrautir, almenn námsbraut, félagsfræðibraut, náttúrufræðibraut og íþróttabraut. Allar miða þessar námsbrautir að námi til stúdentsprófs nema almenn námsbraut sem ætluð er nemendum er ekki hafa náð að uppfylla markmið

¹⁹ Skólasamningur. (2013).

²⁰ Fundargerð skólanefndar FL. (2014), 4. júlí. Gagn frá formanni skólanefndar.

grunnskólans. Nám á almennri braut er að miklu leyti einstaklingsmiðað. Megináherslan er á að styrkja almenna þekkingu, leikni og hæfni nemenda í kjarnagreinum til að þeir geti stundað nám á brautum til stúdentsprófs eða annarra skilgreinda námsloka.

Flestir nemendur eru á félagsfræðibraut og hefur svo verið undanfarin ár (mynd 1).



Mynd 1: Fjöldi nemenda á námsbrautum FL 2009-2014.²¹

Fleiri stúlkur sækja félagsfræðibraut en drengir en því er öfugt farið á öðrum námsbrautum skólans. Árið 2013 voru stúlkur nokkru færri en verið hafði undanfarin ár og við það dró úr mun á milli námsbrauta.

3.3 Kennsluhættir

Venjulegur skóladagur í FL hefst klukkan 09:10 og lýkur ekki síðar en 15:30. Skóladagurinn er samfelldur hjá öllum og gert er ráð fyrir því að nemendur ljúki alla jafna vinnu sinni innan hans.

Upplýsingar um kennsluhætti er hvergi að hafa á heimsíðu skólans umfram það sem segir í skólasamningi og vitnað er til fremst í þessum kafla. Hins vegar er ákveðin stefnumörkun sett fram í drögum að skólanámskrá um það hvernig kennsluaðferðir skuli vera. Þar segir að kennsla skuli vera fjölbreytt svo hún nái til allra nemenda og að kennarar hafi svigrúm til að þróa kennsluaðferðir sínar; kennsla á að vera einstaklingsmiðuð og áhugavekjandi með áherslu á virkni og nýsköpun; kennsla á að vera hvetjandi og uppbyggjandi og kennarinn á ætíð að vænta árangurs; kennsla á að vera skipuleg og markviss; kennsla á að vera í tengslum við nærumhverfið og í takt við tímann þar sem tekið er mið af nýjungum á sviði kennsluhátta og upplýsingatækni.

Í sama skjali er sagt að þjálfun í læsi, gagnrýnni og skapandi hugsun, sjálfstæðum vinnubrögðum og læsi séu meðal þeirra lykilþátta sem fara ber eftir í skólastarfinu.²²

Á heimasíðu er umfjöllun um námsaðstæður nemenda, einkum vinnustofur og heimasvæði. Þar segir að markvisst sé

leitast við að skapa notalegt vinnu- og námsumhverfi. Uppröðun borða í vinnustofum er til dæmis önnur en í hefðbundnum kennslustofum þar sem myndaðir eru básar og hópinnuborð. Reynt er að hafa mismunandi vinnuaðstöðu þannig að nemendur geti að einhverju leyti valið sér

²¹ Hallur Birkir Reynisson. (2014).

²² Ársskýrsla 2013. (2014), ótölusetta síður.

aðstöðu sem þeim hentar best. Bókahillur eru notaðar til að afmarka vinnupláss, myndir prýða vegg, blóm setja sinn svip á umhverfið og á nokkrum stöðum hefur verið komið fyrir sófum þar sem nemendur geta látið fara vel um sig, t.d. þegar þeir eru að lesa eða ræða við kennara eða skólasystkini undir fjögur augu.

Allir nemendur hafa svo sitt eigið „heimasvæði“ en hefur hver nemandi hefur sitt eigið skrifborð og stól þar sem þeir hafa aðsetur. Til að byrja með voru einungis útskriftarnemar með þessi heimsvæði, en því markmiði hefur verið náð að allir njóta nú þeirra fríðinda að geta gengið að sínu svæði í vinnustofum.²³

Vinnustofurnar eru á nokkrum stöðum í Gamla skóla og er tveimur til þremur kennurum ætlað að vera nemendum til liðsinnis í senn, hvort heldur þeir aðstoða hvern og einn persónulega ellegar ræða við fleiri saman. Þeim er ætlað að vera örvandi námsumhverfi eins og það er orðað í drögum að skólanámskrá FL.

Skólameistari segir vinnustofufyrirkomulagið hafa gefist vel og það hafi vakið áhuga á skólanum út í frá, t.d. í ráðuneytinu og hjá félagsþjónustu stórra sveitarfélaga syðra sem senda skjólstæðinga sína í skólann. Niðurstöður sjálfsmats eru blendnari og veturinn 2012–2013 svaraði fjórðungur nemenda því til að vinnustofurnar nýttust ekki vel til náms og stór hluti þeirra telur næði í þeim ófullnægjandi. Meirihluti kennara lýsti í sama sjálfsmati þeirri skoðun sinni að ástundun nemenda í vinnustofunum sé léleg.²⁴

Í rýnihópi kennara kom fram það álit að vinnustofurnar séu að venjast og skila betri árangri en áður þótt hávaðastuðullinn sé enn of hár. Þeir nefna sem kost að viðvera kennara í vinnustofum opni á vissan hátt leið fyrir þá úr því einyrkjastarfi sem þeir sinna hver í sinni kennslugrein. Í rýnihópi nemenda var eindreginn stuðningur við vinnustofurnar, þær auki sjálfstæði þeirra og einbeiting að náminu verður meiri en ella. Formaður skólanefndar tekur í sama streng og álitur að vinnustofufyrirkomulagið sé vísir til framtíðar en telur jafnframt að þéttar þurfi að halda utan um framkvæmdina en verið hefur undanfarið.

Kennsluáætlanir eru lagðar fram í flestum áföngum að mati nemenda og þeir segja verkefnum ýmist skilað rafrænt á Moodle eða á pappír. Síðarnefnda aðferðin er algengust í stærðfræði og raungreinum. Vendikennsla er engin að þeirra sögn.

3.3.1 Námsmat

Í drögum að skólanámskrá er drjúgur kafli um námsmat. Þar segir að skólinn noti leiðsagnarmat sem fer ýmist fram í formi prófa eða með mati á verkefnum ellegar annarri vinnu. Af þessu leiðir að ekki eru haldin formleg annarpróf. Stöðumat er gefið tvisvar á hverri önn svo nemendur séu meðvitaðir um stöðu sína og geti brugðist við á viðeigandi hátt. Niðurstöður námsmats eru ýmist birtar sem einkunnir og/eða umsagnir.

Nemendur segja námsmat blandað. Í sumum áföngum sé viðhaft símat og engin lokapróf en í öðrum áföngum hafi þau meira vægi, einkum í raungreinum. Þeir segja áföngum stundum skipt í lotur og það þurfi að ná þeim hverri fyrir sig til þess að geta haldið áfram.

3.4 Menntasetur á Þórshöfn

Menntasetur var opnað á Þórshöfn á Langanesi árið 2009 og þar er rekin tveggja ára framhaldsskóladeild með dreifnámssniði í nánú samstarfi við FL. Nemendur geta hafið nám á öllum brautum Laugaskóla, þ.e. almennri braut, félagsfræðibraut, náttúrufræðibraut og íþróttabraut. Bein kennsla fer fram um myndfundabúnað en verkefnisstjóri á staðnum er ævinlega til taks (ýmist nefndur verkefnisstjóri eða deildarstjóri). Hann er starfsmaður

²³ Námsaðstaða. [Án árs].

²⁴ Sjálfsmatsskýrsla 2012–2013. (2013), bls. 13–14.

Laugaskóla og fær laun þaðan. Langanesbyggð og Svalbarðshreppur leggja til húsnæði til starfseminnar en Laugaskóli býður nemendum deildarinnar ókeypis akstur að Laugum og frí vistarherbergi í námslotum sem eru að jafnaði í fjórðu hverju viku á Laugum. Þá sitja Þórshafnarnemarnir tíma þar með staðarnemendum. Loturnar er reynt að tímasetja í tengslum við hápunkta í félagslífsins á Laugum, s.s. árshátíð og Tónkvísl.

Nemendur geta haft námsaðstöðu í Menntasetrinu á kvöldin eftir samkomulagi en viðveruskylda er hjá þeim kl. 9:00 til 15:00. Almennt er gert ráð fyrir að nemendur eigi að geta lokið verkefnum sínum innan þess tíma og heimanám sé því lítið.²⁵

Að sögn verkefnisstjórans á Þórshöfn er ágæt aðstaða til náms og kennslu í fræðslusetrinu. Venjulegur dagur hjá nemendum hefst á því að líta í Moodle og forgangsraða verkefnum en kennslu lýkur oftast kl. 14:00. Alla jafna eru sex myndfundir á viku sem dreifast á þrjá daga. Hver kennari er með einn myndfund fyrir hvern áfanga sem hann kennir. Bæði deildarstjóri og nemendur lýsa ánægju með fyrirkomulagið í heild sinni. Verkefnisstjórinn fylgir nemendum eftir í námslotum á Laugum og nýtir tímann m.a. til að funda með kennurum og styður nemendur sína eftir þörfum.

Að mati áfangastjóra hefur verkefnið á Þórshöfn tekist vel nema hvað það vantar fleiri nemendur og eins segir hún tæknibúnað og tækniaðstoð við kennara ófullnægjandi. Þá skorti einnig að skilgreina verksvið ákveðins tengiliðs eða umsjónarmanns með dreifnáminu innan Laugaskóla sjálfs.

3.5 Þróunarverkefni

Í drögum að skólanámskrá FL segir undir fyrirsögninni „Framtíðarsýn – þróunaráætlun“ að skóli sé í eðli sínu íhaldssöm stofnun og því sé það hluti af framtíðarsýn að halda í það sem vel hefur gefist. Framþróun byggir á fortíðarreynslu og með það að veganesti hafi FL fetað ákveðna þróunarbraut á liðnum árum og áratugum. Þá segir þar að undanfarin ár hafi verið „unnið að þróunarverkefni sem miðar að breytingum á innra starfi skólans, s.s. aukinni áherslu á einstaklingsmiðað nám og símat.“ Áfram verði haldið á þeirri braut og starfið þróað í takt við áherslur nýrrar námskrár.²⁶

3.6 Mat úttektaraðila

- Markvisst er unnið að því að þróa kennsluhætti sem taka mið af veruleika skólans.
- Mikilvægt er að áfram verði unnið að þróun kennsluaðferða í ljósi þeirra kennsluhátta sem innleiddir hafa verið. Fylgt verði eftir þeirri stefnumörkun um kennsluhætti sem sett er fram í drögum að skólanámskrá.
- Á heimasíðu FL er enginn hlekkur sem heitir skólanámskrá. Á henni eru hins vegar ýmsar upplýsingar sem telja má hluta af skólanámskrá.
- Unnið er að gerð nýrrar skólanámskrár og fyrir liggja óstaðfest drög sem ætla má að séu ákveðið leiðarmerki í daglegu starfi skólans. Þessi drög verður að gera sýnilegri, halda áfram skipulegri umræðu um þau áfram á næstu mánuðum og samþykkja skólanámskrá svo fljótt sem verða má.
- Mikilvægt er að skerpa á skilningi kennara og nemenda á tilgangi og hlutverki skólanámskrár og skólinn geri nákvæmar grein fyrir skólanámskrá sinni.
- Skerpa þarf á formi og fyrirkomulagi vinnustofa svo þær nýtist nemendum betur til náms.


²⁵ Þórshöfn. (2014).

²⁶ Ársskýrsla 2013. (2014), ótölusettar síður.

- Efla þarf vitund kennara um hvað felst í leiðsagnarmati og fá þá til fylgis við námsmat af því tagi.
- Endurskoða þarf form og fyrirkomulag menntaseturs FL á Þórshöfn í ljósi þess nemendahóps sem námið sækir.
- Þátttaka kennara í þróunarverkefnum er lítil.

4 Nemendur

Á haustönn 2014 voru innritaðir 119 nemendur af 132 sem sóttu um námsvist. Hlutfallslega fleiri karlar eru meðal nemenda en konur eða 53,4% á móti 46,6%. Frá árinu 2009 hafa heldur fleiri karlar verið innritaðir í FL en konur eða 353 á móti 327. Að sögn skólameistara á skólinn sér ekkert sérstakt upptökusvæði sem staðfestist þegar litið er á póstnúmer lögheimila nemenda. Þá kemur í ljós að aðeins 24 nemendur eru úr Suður-Þíngeyjarsýslu (póstnúmer 640–660), þar af fimm frá Húsavík. Til samanburðar má nefna að úr Eyjafirði eru sautján nemendur (póstnúmer 600–630), þar af átta úr þéttbýlinu á Akureyri og fimm frá Hrísey, og úr allri Norður-Þíngeyjarsýslu til Vopnafjarðar koma 26 nemendur (póstnúmer 675–690), þar af tíu frá Vopnafirði. Grófflokkaða dreifingu nemenda eftir búsetu má sjá á mynd 1.




Mynd 2. Búseta nemenda FL samkvæmt póstnúmerum haustið 2014.²⁷

Samtals kemur tæpur helmingur nemenda skólans af norðausturhluta landsins og ef Bakkafjörður og Vopnafjörður eru taldir með verður hlutfall þessa landsvæðis fast að 60%. Allir nema fimmtán nemendur sem eru búsettir í göngufæri við skólann eru á heimavist. Aðsókn hefur haldist stöðug og jöfn og skólinn er nánast fullsetinn hvert haust. Að sögn skólameistara hefur jafnan verið tekið við öllum sem sótt hafa um skólavist undanfarin ár að undanskildum þeim sem óska eftir námi í starfsdeild, enda engin þjónusta í boði fyrir þá, eða nemendum sem hafa miklar sérþarfir af einhverju tagi. Segir hann að sumu leyti galla að hafa ekki getað valið úr umsóknum, t.d. til að stjórna nemendasamsetningu á brautum og fjölda á hverri braut. Haustið 2014 voru umsóknir í fyrsta skipti fleiri en skólinn gat tekið við og þá var aðeins hægt að vinsa úr. Að mati skólameistara hefur skólaformið, heimavistarskóli í sveit, að því leyti sannað gildi sitt. Margir nemendur og foreldrar vilji eiga kost á heimavistarskóla á framhaldsskólastigi. Það sé FL, lítill skóli sem veitir persónulega þjónustu við heimilislegar aðstæður. Hann nefnir einnig að íþróttaaðstaða sé mikil og sérstök, t.d. það að hafa frían aðgang að henni allri.

Í viðtölum við nemendur kemur fram þetta sama sjónarmið. Margir þeirra koma úr fámennum skólum og þeir eru vanir þess konar umhverfi. Þeir segja hvern og einn hafa hlutverk í skólanum og meta það mikils, vilja ekki hverfa í fjöldann.

²⁷ *Nemendur Framhaldsskólans á Laugum á haustönn 2014.*

Flestir nemendur eru á hefðbundnum framhaldsskólaaldri og fremur lítil aldursdreifing er í hópnum (mynd 3).



Mynd 3: Aldursdreifing nemenda haustið 2014.²⁸

Flestir nemendur eru fæddir 1997, 34 talsins. Athyglisvert er að tíu eru fæddir árið 1994 og eru þar með eldri en „normið“ og samtals eru tuttugu sem falla í þann hóp eða tæp 17%.

4.1 Fjöldi nemenda í námshópum

Í svo fámennum skóla má nærri geta að námshópar eru almennt ekki fjölmennir. Á vorönn 2014 var meðalstærð námshópa 17,6 nemendur og á haustönn 2014 20,2 nemendur.²⁹ Þess ber þó að geta að vegna vinnustofufyrirkomulags taka þessar tölur einungis til fjölda nemenda í fagtímum en fjöldi nemenda í vinnustofutímum er ekki talinn hér með.

4.2 Umsjón

Ekki eru ráðnir umsjónarkennarar með einstökum nemendum eða námshópum. Hins vegar hafa húsbændur eftirlit með heimavistum og gæta þess að farið sé að reglum. Þeir eru nemendum innan handar með ýmislegt það sem upp kann að koma utan venjulegs skólatíma.

4.3 Fjarvistir og brotthvarf

Mætingarreglur eru birtar á heimasíðu FL og segir þar að mætingar nemenda séu skoðaðar eftir hverjar þrjár vikur. Ef mætingar reynast undir undir 90% þegar búið er að taka tillit til veikinda og leyfa fær viðkomandi viðvörun og leitað er skýringa á slakri viðveru. Hægt er að losna við viðvörun ef heildarmæting fer yfir 90%. Síðan segir að nemandi með viðvörun þurfi að skrá sig úr einum áfanga fyrir hvert tímabil sem mæting hans er undir 90% og ef nemandi í tólf einingum eða færri þarf að skrá sig úr áfanga, telst hann hafa sagt sig frá námi við FL. Komi til þess getur nemandi komið fyrir skólaráð og óskað eftir með rökstuðningi að fá

²⁸ Hallur Birkir Reynisson. (2014).


²⁹ Sama heimild.

undanþágu frá brottvísun. Fáist undanþágan fer viðkomandi á sérstakan námssamning hjá skólastjórnendum, námsráðgjafa og leiðsögu kennara.³⁰

Ekki fengust upplýsingar frá FL um fjarvistir nemenda á síðasta skólaári en í rýnihópum bar þær talsvert á góma. Nemendur segja mætingar nokkurra einstaklinga mjög slæmar en hjá flestum séu þær í lagi. Í reynd megi skólinn ekki við því að láta nemendur fara vegna þess hve fámennur hann er og það leiði til ákveðins hirðuleysis um ástundun. Kennarar eru þessum skoðunum að miklu leyti sammála og í rýnihópi þeirra var minnst á að skólaárið 2012–2013 hafi verið sérstaklega losaralegt vegna tíðrar fjarveru skólameistara sem tengdist prófkjörsmálum og síðan framboði til Alþingis. Í sjálfsmatsskýrslu 2012–2013 staðfestist þetta álit kennaranna um slakar mætingar því á vorönn 2013 var mætingin komin niður í 72,1%. Þá var gripið til þess að herða viðurlög eins og að framan greinir. Um nákvæman árangur þeirra aðgerða skortir upplýsingar.

Áfangastjóri er þeirrar skoðunar að agaleysi sé of mikið og fylgja þurfi þeim reglum sem settar eru skýrar eftir svo skilaboð til nemenda fari ekki á milli mála.

Sveiflur í brotthvarfi hafa ekki verið miklar í skólanum á liðnum árum en hlutfallið síðustu sex ár hefur verið milli fimm og sex prósent (mynd 4).



Mynd 4. Hlutfall brotthvarfs í Laugaskóla 2009–2014.³¹


Miðað við nemendafjölda hafa fimm og sex nemendur horfið frá námi á ári hverju. Lægst er hlutfallið árið 2014 en þess ber að gæta að ekki eru öll kurl komin til grafar enn með endanlega tölu þess árs.

4.4 Brautskráningar

Á liðnum sex árum hafa 112 nemendur brautskráðst frá FL, 52 af félagsfræðibraut, 28 af náttúrufræðibraut og 32 af íþróttabraut. Ekki er um brautskráningar að ræða af almennri braut (mynd 5).

³⁰ *Mætingarreglur*. (2014).

³¹ Hallur Birkir Reynisson. (2014).



Mynd 5. Fjöldi brautskráðra af námsbrautum FL 2009–2014.³²

Flestar voru brautskráningarnar árin 2010 og 2012, 28 og 27 talsins, en færstar voru árið 2014 en þá brautskráðust tólf nemendur frá FL, sex af félagsfræðibraut, fimm af náttúrufræðibraut og einn nemandi af íþróttabraut. Meðalnámstími nemenda við brautskráningu er sá að 27% nemenda brautskrást eftir minna en fjögurra ára námstíma, 51% nemenda eftir fjögurra ára námstíma og 22% nemenda með meira en fjögurra ára námstíma.

4.5 Nemendur með sérþarfir

Í drögum að skólanámskrá segir að leitast sé við að koma til móts við þarfir allra nemenda með persónubundnum námsáætlunum og sveigjanleika í námi. Einnig segir það að reynt sé að taka tillit til sérþarfa eins og kostur er hvað varðar kennsluáðferðir, námsumhverfi og námsmat. Í því sambandi er nefnd ráðgjöf námsráðgjafa, sérstök aðstoð frá sérkennara, aðstoð hjá vinnustofukennara á bókasafni, persónuleg leiðsögn kennara og einstaklingsmiðað námsmat.³³

Sérkennari vinnur með nemendum sem þurfa á séraðstoð að halda í námi en flestir þeirra eru skráðir á almenna braut. Starfið er einstaklingsmiðað að fullu og skipulag þess mótast hverja önn fyrir sig. Hann hefur samband við forráðamenn nemenda í samráði við þá og skólameistara vegna sérkennslunnar. Um 30% nemenda almennu brautarinnar eru með greiningar af einhverju tagi.

Að sögn fjármálastjóra og ritara eru þeir nemendur sem koma í gegnum félagsþjónustu með mjög misjafna umgjörð og eiga flestir brotið bakland. Félagslega eru þeir misjafnlega staddir, sumir í þokkalega góðum málum en aðrir lakar staddir og endast sumir ekki lengi í skólanum. Sveitarfélög greiða oftast með þessum unglingum sem koma stundum inn í gegnum innritun en stundum eftir öðrum leiðum. Sjaldgæft er að nemendur sem þetta á við komi inn á fyrsta ár.

4.5.1 Nemendur af erlendum uppruna

Um 5% nemenda FL eru af erlendum uppruna en skólinn birtir á heimasíðu sinni móttökuáætlun fyrir þá. Þar segir að við innritun sé tekið mið af bakgrunni viðkomandi,

³² Hallur Birkir Reynisson. (2014).

³³ Ársskýrsla 2013. (2014), ótölusettar síður.

tungumálafærni, færni á öðrum námssviðum og þeirri kennslu, stuðningi og öðrum úrræðum sem skólinn getur veitt. Þetta mat er á hendi þess kennara er sinnir íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og umsjónarkennara/leiðsögukenndara viðkomandi nemanda. Gjarnan er gerð einstaklingsnámskrá fyrir nemendur og annast fyrrnefndur íslenskukennari gerð hennar í samráði og samvinnu við námsráðgjafa. Það er yfirlýst stefna FL að leita tækifæra fyrir nemendur til að viðhalda móðurmáli sínu sem valgrein, óski þeir þess, annað hvort með fjarnámi við annan skóla eða sem tengiliður, t.d. við gagnasöfn, bókasöfn, félög eða einstaklinga sem veitt geta nemendum aðgang að námi eða þjálfun í eigin móðurmáli. Námsráðgjafi er nemendum innan handar um þessi atriði í samráði við áfangastjóra. Lögð er áhersla á gagnkvæma upplýsingagjöf á milli skóla og heimila þar sem mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn þekki starfshætti skólans, þjónustu, skólareglur, félagslíf og annað er telja verður gagnlegt með tilliti til velfarnaðar nemandans. Um þennan þátt sér umsjónarkennari viðkomandi nemanda.³⁴

4.6 Nemendafélag

Félagslífið er mikilvægur hluti skólastarfsins ekki síst vegna staðsetningar og umhverfis Laugaskóla. Félagráðunautur starfar með stjórn nemendafélagsins (NFL), er til ráðuneytis og annast fyrirgreiðslu við stjórn félagsins af skólans hálfu. FL statar af góðri aðstöðu fyrir félagsstarf sem hefur verið komið fyrir í gömlu innisundlauginni í Gamla skóla og nefnist *Laugin*. Þar er skjávarpi og heimabíókerfi, sófar og dýnur og sitthvað fleira sem nemendur geta hagnýtt. Í gamla kvennaklefanum við hlið laugarinnar reka nemendur á þriðja ári sjoppu og afla fjármuna fyrir utanlandsferð. Gamla íþróttahúsinu, *Þróttó*, var breytt í kvikmyndahús. Þar er hægt að halda tónleika eða fyrirlestra og þar halda nemendur stærri fundi, iðka tónlist, leiklist eða standa fyrir hvers konar uppákomum. Í íþróttahúsinu er aðstaða fyrir fjölbreytta íþróttaiðkun ásamt líkamsræktaraðstöðu að ógleymdri sundlauginni.

Kjörstjórn, skipuð þremur nemendum af fráfarandi stjórn, hefur umsjón með öllum kosningum á vegum NFL. Kjörstjórn lýsir eftir framboðum og stýrir kjöri. Almennt er um einstaklingsframboð að ræða og kjósa nemendur á milli frambjóðenda.

Skemmtinefnd NFL hefur umsjón með öllum smærri viðburðum á vegum félagsins og er stjórn til aðstoðar við stærri atburði. Íþróttanefnd sér um skipulagningu á íþróttastarfi og bíónefnd sér um bíósýningar og þess háttar. Flestir nemendur koma með einum eða öðrum hætti að félagslífi í litlum heimavistarskóla eins og FL. Stefna skólans er að hlúa sem best að því með aðstoð og ráðgjöf kennara en félagslífið er að frumkvæði og undir forsjá nemenda.

NFL stendur reglulega fyrir viðburðum í skólanum og þeirra á meðal má nefna fasta liði eins og Tónkvíslina, árshátíð og uppskeruhátíð. Tónkvíslin er undankeppni skólans fyrir söngkeppni framhaldsskólanema. Nemendum úr grunnskólum á svæðinu er boðið að taka þátt í sérstakri grunnskólakeppni á Tónkvíslinni og hefur hún hlotið góðar viðtökur.

Leiklistarstarf fer fram í samvinnu við Leikdeild Ungmennafélagsins Eflingar í Reykjadal og undanfarin ár hefur nemendum FL verið gefinn kostur á að taka þátt í uppsetningum hennar. Veturinn 2010–2011 var settur upp söngleikurinn *Saga úr vesturbænum* og tóku fjölmargir nemendur þátt. Veturinn eftir var sett upp verk eftir Hörð Benónýsson og líkt og fyrr var mikil og virk þátttaka úr skólanum.

Stjórn NFL tilnefnir fulltrúa í skólanefnd og er það að jafnaði formaður félagsins. Athygli vekur að á heimasíðu skólans þar sem skólanefnd er kynnt er fulltrúi nemenda ekki talinn með og félagið gerir heldur ekki grein fyrir þeim fulltrúa á heimasíðu sinni. Stjórn Nemendafélagsins skipar einnig fulltrúa í skólaráð. Engin grein er gerð fyrir því á heimasíðu félagsins og engar upplýsingar um skipan skólaráðs eru á vef skólans. Í skólanefnd og

³⁴ *Erlendir nemendur*. (2011).

skólaráði eru ýmis stjórnunarmál skólans til umfjöllunar og hafa fulltrúar nemenda aðkomu að þeim þar. Að öðru leyti sinnir stjórn NFL ekki hagsmunagæslu fyrir nemendur og ekki eru dæmi um að einstaklingar úr hópi nemenda hafi óskað eftir því að félagið gæti hagsmuna þeirra gagnvart skólastjórn. Niðurstöður úr áfangamati FL eða sjálfsmati eru ekki ræddar á vettvangi stjórnar og henni eru ekki kynntar niðurstöður úr slíkum könnunum sérstaklega.

4.7 Mat úttektaraðila

- FL hefur ekkert skilgreint upptökusvæði en flestir nemendur (um helmingur) koma af Norðausturlandi.
- Athygli vekur hve fáir nemendur koma úr næsta nágrenni skólans.
- Á undanförunum árum hefur verið góð aðsókn að FL svo heita má að skólinn hafi verið fullsetinn.
- Lítil aldersbreidd er í nemendahópnum og langflestir nemendur á „eðlilegum“ framhaldsskólaaldri.
- Skólinn leitar leiða til að stemma stigu við brotthvarfi en í fámennum skóla vegur hver nemandi sem hverfur frá námi þungt í hlutfallstölu.
- Talsvert ber á óstundvísi og skrópi sem erfitt hefur reynst að taka á.
- Vel er hugsað um nemendur með sérþarfir, hvort heldur er á bóknámsbrautum eða á almennri námsbraut.
- Af skólans hálfu virðist ekki mikið lagt upp úr aðild nemenda að skólanefnd.
- Nemendafélagið sinnir félagslífi vel en virkja þarf það til aukinnar þátttöku sem hagsmunaaðila við ýmsa faglega vinnu innan skóla.

5 Mannauður

Á haustönn 2014 er heildarstarfsmannafjöldi FL 29 manns í 24,35 stöðugildum. Karlar eru ellefu en konur átján. Stjórnendur eru tveir, skólameistari, sem er karl, er í fullu starfi og áfangastjóri, sem er kona, í 50% starfi (tafla 1). Auk þeirra er 10% af starfshlutfalli sérkennara brautarstjórn almennrar brautar³⁵

Tafla 1. Stöðugildi og starfsmenn FL haustið 2014.³⁶

	Stöðugildi	Fjöldi starfsmanna	
		Karlar	Konur
Stjórnun	1,5	1	1
Kennarar	10	4	7
Önnur störf	12,85	6	10
Alls:	24,35	11	18

Liðlega helmingur kennarahópsins hefur lokið BA/BS-prófi auk kennsluréttinda og tæpur helmingur MA/MS/MEd-prófi auk kennsluréttinda. Allir kenna sínar aðalgreinar en sumir kenna einnig hliðargreinar, enda fyllir kennsla í aðalgrein ekki upp í kennsluskyldu. Enginn stundakennari starfar við skólann en tímabundið er leiðbeinandi í fullu starfi við kennslu sökum forfalla kennara. Þá hefur einum kennaranum verið falin umsjón með bókasafni skólans í hálfu starfi. Í öðrum störfum starfa sextán manns í 12,85 stöðugildum, flestir í tengslum við heimavist og mötuneyti (tafla 2).

Tafla 2. Önnur störf og fjöldi starfsmanna.³⁷

Önnur störf:	Stöðugildi	Fjöldi starfsmanna	
		Karlar	Konur
Námsráðgjafi	0,5		1
Fjármálastjóri	0,5		1
Skrifstofa	1		1
Mötuneyti	4,35	1	4
Þvottahús	1		1
Húsbændur	1,5	3	
Húsverðir	2	2	
Ræstingar	2		2
Samtals:	12,85	6	10

Konur eru 62% starfsmanna Laugaskóla sé farið eftir höfðatölu.

³⁵ Hallur Birkir Reynisson. (2014).

³⁶ Sama heimild.

³⁷ Sama heimild.

5.1 Starfsmannavelta

Talsverð hreyfing er á hluta kennarahópsins því á síðustu fimm árum hefur FL ráðið kennara í 5,5 stöðugildi, að meðaltali eitt á ári. Helmingur kennaranna hefur starfað í tíu ár eða lengur og þriðjungur í fimm ár eða skemur.³⁸

5.2 Starfsþróun

Engin formleg starfsþróunarstefna hefur verið mótuð í FL en að sögn skólameistara eru kennarar hvattir til þess að afla sér endurmenntunar og bæta við sig. Á undanförunum árum hafa þrír kennarar fengið námsleyfi og lagt stund á mastersnám, aðrir tveir hafa tekið það samhliða starfi. Þá hafa kennarar sótt námskeið og ráðstefnur og skólinn hefur skipulagt nokkur námskeið sem hann hefur talið æskileg fyrir alla starfsmenn.

Kennarar segjast fá litla hvatningu frá stjórnendum til starfsþróunar. Þeir verði sjálfir að eiga frumkvæðið en stuðningur að ofan sé nokkuð vís þegar eftir honum er leitað.

5.3 Forfallakennsla

Á vorönn 2014 var eitt og hálf stöðugildi kennara leyst með forfallakennslu. Það var mjög óvenjuleg staða sem kom til vegna langtímaveikinda barns sem á báða foreldra sína í kennarahópnum. Stundakennari var ráðinn til kennslunnar auk þess sem nokkrir kennarar juku starfshlutfall sitt eða bættu á sig yfirvinnu. Að öðru leyti hefur verið lítið um forföll kennara. Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla þeirra á vorönn 2014 námu u.þ.b. þrjátíu kennslutímum.

5.4 Mat úttektaraðila

- Kennarar eru vel menntaðir en vegna smæðar skólans þurfa þeir gjarnan að sinna fleiri en einni kennslugrein á hverri önn, jafnvel mörgum.
- Nokkur starfsmannavelta hefur verið við FL og að meðaltali hefur verið ráðið í eina kennarastöðu á ári á liðnum fimm árum.
- Engin starfsþróunarstefna hefur verið mótuð við FL en stutt er við kennara óski þeir eftir stuðningi til starfsþróunar og framhaldsmenntunar.
- Lítil starfsmannahópur reynir mikið á þverfaglega hæfni kennara
- Yfirleitt er lítið um forföll kennara.


³⁸ Sama heimild.

6 Stjórnun og rekstur

Í lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008) kveður á um það að skólameistari veiti framhaldsskóla forstöðu, hann stjórnar daglegum rekstri og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

Á heimasíðu eru stuttorðar starfslýsingar fyrir þrettán starfsheiti í Laugaskóla.³⁹ Þar segir um skólameistara að í forstöðu hans felist m.a. ábyrgð á rekstri skólans, húsum, munum og tækjum, sjóðum, framkvæmdum, inntöku nemenda, kennslu og fjárreiðum öllum. Hann hefur yfirumsjón með starfsmönnum og ber ábyrgð á innra mati skólans, kynningu á starfsemi hans og að upplýsingar um ólöggráða nemendur berist forráðamönnum þeirra. Ekki hefur verið ráðið í starf aðstoðarskólameistara en þess í stað hefur áfangastjóri, sem ráðinn er í hálfstarf, sinnt staðgengilshlutverki fyrir skólameistara. Í starfslýsingu áfangastjóra segir að hann hafi umsjón með rekstri áfangakerfis við skólann, hann hafi yfirumsjón með gerð stundaskrár og sé ráðgjafi nemenda og aðstoðarmaður varðandi val þeirra á áföngum og skipulag þeirra á náminu í samráði við námsráðgjafa. Þá hefur áfangastjóri umsjón með skipulagi og framkvæmd prófa. Hann hefur umsjón með skráningu námsferla, einkunna og fjarvista.

Á heimasíðu FL er birt skipurit skólans (mynd 2).



Mynd 6. Skipurit Framhaldsskólans á Laugum.⁴⁰

Af skipuritinu má ráða að til yfirstjórnar skólans teljist skólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri. Í samtölum við skólameistara og áfangastjóra kom hins vegar fram að fjármálastjóri er ekki hluti yfirstjórnar heldur telst hann til þjónustusviðs. Í starfslýsingu

³⁹ Starfssvið. (2011).

⁴⁰ Skipurit. (2011).

fjármálastjóra segir að hann sé skólameistara til aðstoðar við fjárlagagerð og daglegan rekstur. Hann sér um öll innkaup fyrir stofnunina, annast bókhald í samráði við Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðun og hefur eftirlit með bókhaldi nemenda. Fjármálastjóri fer einnig með bókhald mótuneytis.

Af skipuriti má ætla að fjármálastjóri hafi mannaforráð yfir bryta og þvottastjóra. Í raun er það ekki svo því öll mannaforráð í FL hvíla á herðum skólameistara að öðru leyti en því að húsvörður hefur forráð yfir ræstitæknum og bryti hefur forráð yfir starfsmönnum í eldhúsi. Fjármálastjóri er í hálfu starfi hjá skólanum og hálfu hjá mótuneytinu en það kemur hvorki fram í starfslýsingu né í skipuriti. Mótuneytið er rekið sem sér fyrirtæki á ábyrgð skólans en sala á fæði stendur undir rekstri þess.

Vegna þess hve skólinn er lítill er hvorki þörf fyrir sérstaka sviðsstjóra né fagstjóra. Aftur á móti er brautarstjóri almennrar námsbrautar í 10% stjórnunarstarfi og séu bæði skólameistari og áfangastjóri fjarverandi í einu gegnir hann staðgengilshlutverki. Það er álit skólameistara að stjórnunarhlutfall í FL sé mjög lágt og á mörkum þess að duga. Sama segir hann um starfshlutfall fjármálastjóra sem sé í minnsta lagi. Svipuð viðhorf komu fram í samtali við áfangastjóra sem bætir því við að stjórnunarstíll skólameistara sé mjög flatur og verkaskipting milli aðila stundum óþarflega óskýr.

Í heild má segja að skipurit FL sé lýsandi fyrir byggingu skólans. Það tekur til skilgreindra námssviða og starfa og gefur þannig allgóða mynd af þeirri skipulagsheild sem því er ætlað að lýsa. Ritið þarfnast þó ákveðinnar endurskoðunar þannig að staða fjármálastjóra verði gerð skýrari innan þess.

6.1 Skólanefnd

Í lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008) er kveðið á um skólanefndir við framhaldsskóla, skipan þeirra og hlutverk. Í samræmi við ákvæði þeirra er í FL fimm manna skólanefnd og með henni sitja tveir áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt. Annar er tilnefndur af kennurum skólans en hinn af nemendum, báðir til eins árs í senn. Foreldraráð hefur ekki verið skipað við skólann og foreldrar eiga því ekki áheyrnarfulltrúa eins og lög heimila þeim. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt, auk þess sem hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar. Hlutverk skólanefndar er m.a. að marka áherslur í starfi skólans. Hún gerir árlega starfs- og fjárhagsáætlun til þriggja ára sem háð er samþykki menntamálaráðherra. Í upphafi hvers árs gerir skólanefnd fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga. Skólanefnd er skólameistara til samráðs í fjárhagslegum og faglegum málefnum.⁴¹

Skólanefnd er ætlað að funda tvisvar til þrisvar á hvorri önn og sú var reglan lengst af. Samkvæmt gögnum frá formanni hennar hélt nefndin fimm fundi almanaksárið 2013 en aðeins tvo árið 2014, þann fyrri 4. júlí. Áformað var að halda þriðja fundinn í desember en hann féll niður vegna ófærðar. Skólanefnd heldur fundargerðir en þær eru hvorki aðgengilegar á vef skólans né annars staðar. Að sögn skólameistara er stefnt að því að fundargerðir verði birtar á heimasíðu FL frá og með vorönn 2015.

6.2 Skólaráð

Í lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008) segir að við framhaldsskóla skuli starfa skólaráð. Við FL er skólaráð skipað skv. lögum. Skólameistari er oddviti skólaráðs og stýrir fundum þess. Í starfslýsingu skólaráðs á heimasíðu FL segir að ráðið eigi að vera skólameistara til aðstoðar og ráðgjafar við stjórn skólans. Það er vettvangur nemenda til að fylgjast með og

⁴¹ Starfssvið. (2011).

hafa áhrif á ákvarðanir í málefnum skólans. Þannig er skólaráð tengiliður milli kennara, nemenda og yfirstjórnar skólans.⁴² Það er skipað skólameistara, áfangastjóra, tveimur fulltrúum kennara og tveimur fulltrúum nemenda. Skólaráð kemur ekki oft saman.

6.3 Skólafundir

Skólafundir eru reglulegur þáttur í starfi FL og eru haldnir eigi sjaldnar en tvisvar á önn. Hver önn hefst með skólafundi. Til hans eru boðaðir allir nemendur, kennarar og annað starfsfólk eftir því sem við á. Fundirnir eru undir stjórn skólameistara eða annars sem hann felur það verkefni. Tilgangur fundanna er að miðla upplýsingum og hvetja til samræðu milli nemenda, kennara og annars starfsfólks um málefni sem tengjast skólabrag og innra starfi skólans.

6.4 Rekstur skólans

Í skýringum með rekstrar- og efnahagsreikningi FL fyrir árið 2013 segir að fjárveitingar á fjárlögum fyrir það ár hafi numið samtals 198,2 m.kr. Með millifærslum af öðrum fjárlagaliðum, greiðslum vegna námsorlofa, uppgjöri vegna íslenskunáms og framlags vegna innleiðingar aðalnámskrár námu fjárheimildir ársins í heild 203,9 m.kr. Rekstrartap frá fyrra ári var 7,0 m.kr. Þá segir þar að ekki hafi verið tekið tillit til sammings um ársnemendagólf í nemendauppgjöri fyrir árið og því hafi 10,1 m.kr. verið dregin frá fjárveitingum ársins. Fjárheimild ársins varð því 186,8 m.kr.⁴³

Enn segir eftirfarandi í sömu skýringum:

- Rekstrargjöld ársins voru samtals 228,3 m.kr. en að frádregnum sértekjum sem voru 25,1 m.kr. voru þau 203,2 m.kr. Rekstrargjöld námu því 10,9 m.kr. umfram fjárheimildir ársins.
- Raunlækkun launa á árinu var um 7 m.kr. en vegna launaleiðréttinga frá tímabilinu 2010–2013 sem nam um 7 m.kr. er lækkun á launalið 0,5 m.kr. á milli ára.
- Heildarrekstrargjöld hækkuðu á milli ára um 7 m.kr. Þar munar mestu um hækkun á kostnaði vegna húsnæðis 3,5 m.kr., þar af húsaleiga 2,7 m.kr. Kostnaður vegna aðkeyprar þjónustu hækkaði um 3,8 m.kr. Eignakaup hækkuðu um 1,7 m.kr. Kostnaður vegna funda og ferða lækkaði um 1,8 m.kr.
- Sértekjur skólans hækkuðu um 2,1 m.kr. Húsaleigutekjur hækkuðu um 1,3 m.kr. og ýmsar aðrar tekjur hækkuðu um 1,2 m.kr.
- Eigið fé Framhaldsskólans á Laugum nam 17.956.520,- kr. í árslok 2013. Þá hafði skuld skólans gagnvart ríkissjóði hækkað um 3,5 m.kr. eða úr 21,3 m.kr. í 24,8 m.kr.

Í efnahagsreikningi kemur einnig fram að ríkisskuldinni til viðbótar kemur að aðrar skammtímaskuldir skólans jukust milli áranna 2012 og 2013 úr 2,5 m.kr. í 5,8 m.kr. sem gerir það að verkum að í árslok 2013 voru skuldir samtals 30,6 m.kr.

Af sjálfu leiðir að fjárhagur skólans er ekki góður og reksturinn hefur verið erfiður síðustu ár. Að mati fjármálastjóra er rekstur framhaldsskóla almennt örðugt viðfangsefni. Hann telur þó að staða Laugaskóla fari batnandi og að hans sögn er skólinn byrjaður að vinna á tapi undanfarinna ára. Sá taprekstur hefur varað lengi en vegna inneignar hjá ríkissjóði myndaðist ekki skuld fyrr en árið 2013. Það ár lenti skólinn í launaleiðréttingu aftur í tímann auk þess sem færri nemendur voru en gert hafði verið ráð fyrir. Fjármálastjóri segir búið að leiðrétta þau viðmið og því sé rekstur skólans frekar upp á við.

⁴² Sama heimild.

⁴³ *Ársskýrsla 2013*. (2014), ótölusett síða.

Það er álit fjármálastjóra að rekstrareining á borð við FL eigi erfitt með að hagræða vegna þess hve hátt hlutfall tekna sé bundið í launum og húsnæði. Í FL fara um 30% tekna í húsaleigu og u.þ.b. 65% í launakostnað. Rekstrarfé er því mjög takmarkað. Eina leiðin er að leita leiða til að lækka launakostnað ef á að hagræða og erfitt sé að sjá hvernig mæta eigi launahækkunum í kjölfar síðustu kjarasamninga.

Aðspurður segist fjármálastjóri ekki geta sagt til um það hvort kennslufyrirkomulagið (fagtímar og vinnustofur) hafi leitt til minni kostnaðar en ella. Líklegt sé að útkoman sé á pari við það sem áður var og reynt sé að halda yfirvinnu í algjöru lágmarki.

Annað atriði er kostnaður við dreifnámssetrið á Þórshöfn sem að mati fjármálastjóra er of mikill á hvern nemanda þótt hugmyndin sem slík sé góð. Fjarkennslan þangað er ekki skilgreind sérstaklega í reikningum skólans og því ekki hægt að sjá hvað þjónustan kostar. Í upphafi varði FL 1,25 stöðugildum til umsjónar með kennslunni en nú er hlutfallið eitt stöðugildi. Þá beri að hafa það hugfast að kennslan til Þórshafnar skili nemendum áfram til Lauga og það sé kostur sem erfitt er að meta til fjár.

Skólameistari segir það stöðugt baráttumál að fá greiðslur með fleiri nemendum frá ráðuneytinu. Þegar best lét var skólinn með 125 nemendaígildi en sú tala hefur verið lækkuð í 110. Hann vill ekki fækka nemendum á meðan hann telur sig geta rekið skólann innan marka fjárheimilda, vill heldur þoka nemendaígildunum aftur upp í 118–120 sem hann telur heppilega stærð í ljósi húsnæðis og hópastærða.

6.4.1 Rekstur heimavista

Rekstur heimavista er ekki tilgreindur sérstaklega í reikningum FL. Að sögn fjármálastjóra gengur hann þökkalega þótt innheimta gjalda gangi misvel. Húsaleigan innheimtist að jafnaði en aðrir liðir lakar. Að hans mati er útgreiðsla jöfnunarstyrks sem ætlaður er til framfærslu nemenda nokkuð sem má endurskoða. Styrkurinn er greiddur beint inn á reikning nemenda og fer stundum í annað en til er ætlast. Betra væri að hann færi beint inn á reikning skólans. Þetta, segir fjármálastjóri, kemur sér illa fyrir FL en jafnframt stundum, og jafnvel ekki síður, fyrir foreldra/forráðamenn sem standa á endanum straum af kostnaði við skólavist nemenda.

6.5 Mat úttektaraðila

- Skipurit skólans lýsir flatrí stjórnum en þarfnast endurskoðunar þar sem það lýsir ekki nægilega vel þeirri skipan sem er í reynd.
- Stjórnendur eru fáir en starfslýsingar þeirra og annarra starfsmanna eru fullnægjandi.
- Fæð í stjórnendahópnum veldur því að miklu veldur hver á heldur. Í samtölum úttektaraðila við einstaklinga sem rýnihópa kom fram drjúg gagnrýni á núverandi stjórnunarhætti í FL. Sagt er að upplýsingar berist ekki nægilega greiðlega frá skólameistara til þeirra sem við eiga að taka og að oft sé óþarfa dráttur á hvort heldur er ákvarðanatöku ellegar framkvæmd. Þessar ábendingar þarf að taka alvarlega.
- Þar sem engir millistjórnendur eru í hópi kennara (sviðsstjórar/brautarstjórar, fagstjórar) er mikil jafnstaða meðal þeirra.
- Skólanefnd er ekki nægilega virkur samráðsaðili við skólameistara því regluleg fundarhöld hennar fóru of mikið úr skorðum árið 2014. Fundargerðir hennar ber að birta opinberlega og eðlilegast er að gera það á heimasíðu skólans.
- Rekstur hefur gengið erfiðlega síðustu ár og er skólinn í skuld við ríkissjóð. Fjárhagur er því ekki góður en með eilítið bættum hag er skólinn byrjaður að vinna á tapi síðustu ára.
- Til að vinna á hallarekstri og auka nýtingu á starfskröftum er nauðsynlegt að fjölga nemendaígildum í þann hámarksfjölda sem heimavistir og önnur húsnæðisaðstaða geta borið.

7 Skólabragur og samskipti

Það er sammæli viðmælenda að skólabragur í Framhaldsskólanum á Laugum sé að flestu leyti til fyrirmyndar. Starfsmenn álíta að nemendahópurinn falli alla jafna vel saman þrátt fyrir ólíkan bakgrunn. Nemarnir komi vissulega víða að og til beggja vona geti brugðið milli ára um hvernig þeir blandast saman. Að þeirra mati og margra annarra setur Tónkvíslin mikinn svip á skólabraginn og heldur hópnum saman um tiltekið verkefni. Þeir segja einnig að samskipti meðal starfsmanna sjálfra séu góð og þeir hafna því að nokkurt stigveldi finnist innan hópsins. Hver spjalli um hvaðeina við annan án tillits til þess hvaða hlutverkum viðkomandi gegna.

Í þessum viðhorfum speglast mögulega þau markmið sem skólinn setur sér í drögum að skólanámskrá þar sem segir orðrétt:

Framhaldsskólinn á Laugum leggur áherslu á að í skólanum ríki góður staðblær.

Þessu markmiði hyggst skólinn ná með því að:

- bjóða uppá aðlaðandi og hvetjandi námsumhverfi, þar sem veitt er fjölbreytt þjónusta og leitast er við að efla sjálfsmynd nemenda
- búa nemendum námsumhverfi sem undirbýr þá enn betur undir þátttöku í atvinnulífi og frekara nám, m.a. með samfelldum skóladegi, samvinnu og að upplýsingatækni sé lifandi þáttur í starfsemi skólans
- hvetja nemendur til þess að leggja alúð í verk sín og efla metnað þeirra til náms
- að skólinn og starfsfólk hans gangi í hvívetna á undan með góðu fordæmi
- leggja áherslu á mannrækt hvers konar og heilbrigða lífshætti til jafns við bóklega þekkingu
- að efla heilbriggt líferni til líkama og sálar
- veita nemendum öflugra ráðgjöf um nám, störf og persónuleg mál
- styðja við félagslíf í skólanum og hvetja nemendur til þátttöku í því og leggja áherslu á að þeir séu sjálfum sér og skólanum til sóma í hvívetna
- brýna fyrir nemendum, starfsfólki og gestum að ganga vel um skólann og umhverfi hans
- taka vel á móti öllum þeim sem sækja skólann heim⁴⁴

Þegar nemendur eru spurðir um ástæður þess að þeir völdu FL fremur en aðra framhaldsskóla nefna þeir smæð skólans og heimavistina sem aðalástæður. Sumir þeirra segjast koma úr litlum samfélögum og þeir geti ekki hugsað sér að leita framhaldsnáms í stórum skóla í stóru samfélagi.

Smæð samfélagsins á Laugum leiðir meðal annars til þess að kennarar eiga stutt heim sem aftur veldur því að sumir þeirra fara heim í mat. Þá er algengt að þeir vinni heima að yfirferð verkefna og undirbúningi kennslu. Það leiðir svo til þess að stundum er fámennara á kennarastofu en vænta mætti og samræðan þar dregur á einhvern hátt dóm af því.

7.1 Heilsueflandi framhaldsskóli

Í drögum að skólanámskrá segir að FL sé þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og að hann vinni markvisst að þeim markmiðum sem þar eru sett fram um hreyfingu, næringu, geðrækt og lífsstíl. Þar segir einnig að mötuneytið starfi í samræmi við markmið verkefnisins sem miði að því að auka vellíðan. Loks segir þar að með því skapist aukin tækifæri til þess að efla tengsl við nærsamfélagið.

⁴⁴ *Ársskýrsla 2013* (2014), ótölusettar síður.

Engar upplýsingar eru um þetta verkefni á heimasíðu skólans og ekki er minnst á árangur af því í ársskýrslu 2013.

7.2 Forvarnir

Það er stefna FL að leitast við að halda uppi öflugum forvörnum gegn notkun fíkniefna, löglegra jafnt sem ólöglegra. Liður í forvarnarstarfinu er fjölbreytilegt íþróttastarf af skólans hálfu og öflugt leiklistarstarf. Skólareglur segja til um að öll neysla vímuvaldandi efna sé bönnuð á lóð skólans, í húsum hans og í ferðalögum á hans vegum. Áhersla er lögð á að uppfræða nemendur um afleiðingar notkunar þessara efna og fengnir eru gestafyrirlesarar til að fjalla um þessi málefni. Þá er sérstakur námsáfangi sem fjallar um vímuefni og skaðsemi þeirra kenndur við skólann og hann er í góðu samstarfi við fíkniefnadeild lögreglunnar á Húsavík og Akureyri.⁴⁵

7.3 Mat úttektaraðila

- Sammæli er um það í skólasamfélaginu að skólabragur sé að flestu leyti til fyrirmyndar.
- FL nýtur velvildar í næsta umhverfi sínu.
- FL gerir út á smæð sína og þá sérstöðu að vera heimavistarskóli í sveit.
- Nemendur eru ánægðir með skóla sinn og bera honum gott vitni.
- Mikil rækt er lögð við íþróttir enda aðstaða til iðkunar þeirra mjög góð. Þá hefur leiklist einnig notið mikillar hylli og sú starfsemi skipað veglegan sess.
- Upplýsingar skortir um hvernig verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli miðar áfram.

⁴⁵ *Vímuvarnir*. (2011).

8 Innra mat

Reglubundið sjálfsmat hefur farið fram í Framhaldsskólanum á Laugum um alllangt árabil. Á vefsíðu skólans tekur yngsta matsskýrslan til skólaársins 2012–2013 en sú elsta er frá skólaárinu 2004–2005. Í inngangskafli hvernar skýrslu er veitt yfirlit um matsstarfsemi þess árs sem skýrslan tekur til og veitt yfirlit um það sem næst er að baki og framundan er.

Í sjálfsmatsskýrslu 2012–2013 segir að til lengri tíma litið sé „reynt að láta sjálfsmatið spanna sem flesta og víðtækasta þætti skólastarfs, s.s. yfirstjórn, fagmennsku, aðbúnað, námsumgjörð, þjónustu við nemendur, foreldrasamstarf, árangur nemenda og traust samstarfsaðila.“⁴⁶ Um gagnaöflun segir á sama stað að notaðar séu „tölulegar upplýsingar úr skólaskráningarkerfinu INNU, nemendakannanir, starfsmannakannanir, vinnufundir starfsmanna, foreldrakannanir, matsfundir með starfsmönnum og nemendum auk utanaðkomandi skoðunar.“ Um áherslur í matinu segir að árlega sé áhersla á eitthvert tiltekið atriði „og það skoðað eins nákvæmlega og hægt er. Á hverri önn er kennslan metin, jafnt fagtimar sem vinnustofur. ... sérstök áhersla [var] á vinnustofur, upplýsingatækni, kennsluáðferðir og endurmenntun kennara á skólaárinu 2012–2013.“ Loks segir um samtíðar- og framtíðaráform að veturinn 2012–2013 hafi áherslan verið „á að skoða kennsluáðferðir, upplýsingatækni og menntun kennara. Aðaláhersluatriði skólaársins 2013–2014 eru ástundun og árangur nemenda. Aðaláhersluatriði skólaársins 2014–2015 eru kynningarmál skólans og stjórnun hans. Skólaárið 2015–2016 er ástundun og árangur nemenda í nýrri námskrá til skoðunar.“

Sjálfsmatsskýrsluna 2012–2013 unnu skólameistari og áfangastjóri og þau tvö skipa sjálfsmatsteymi skólans. Í samtali við þau kom fram að þrátt fyrir góð áform gangi frekar illa að halda nægri samfellu í innra matsferli skólans vegna þess hve dauflaga gengur að fá kennara til að starfa við það. Þeir eiga t.d. ekki beina aðkomu að gerð spurningalista né heldur nemendur eða aðrir starfsmenn. Áfangastjóri segist árlega vinna töluleg gögn sem lögð eru til grundvallar en ekki er notaður samræmdur spurningalisti ár frá ári. Þess vegna er erfitt að fá nothæfan innri samanburð til lengri tíma.

Skólameistari og áfangastjóri telja sjálfsmatið virkt tæki í skólastarfinu og nefna ýmis dæmi máli sínu til stuðnings. Þannig tengja þau saman of lága svörun nemenda við spurningu um að þeim líði vel í skólanum við ákvarðanir um breytt mætingakerfi og aukin samskipti nemenda við umsjónarkennara. Þessir stjórnendur segja einnig að matið veiti öllum hlutaðeigandi upplýsingar um veikleika og styrkleika sem síðan sé unnt að bregðast við. Í því samhengi benda þau sérstaklega á að vinnustofufyrirkomulagið hafi ekki komið nægilega vel út í síðasta sjálfsmati, hvorki meðal nemenda né kennara. Við þessu hafi verið brugðist með markvissum hætti á kennarafundi, rætt hafi verið ítarlega um hlutverk kennara í vinnustofum og settar hafi verið og kynntar nýjar reglur um vinnu og umsjón í þeim.⁴⁷

Þessi viðbrögð eru í samræmi við lokaorð sjálfsmatsskýrslu 2012–2013 þar sem höfundar hennar segja að bæta þurfi „ástundun og árangur nemenda með því t.d. að endurskoða viðbrögð og eftirfylgni varðandi mætingar nemenda. Setja [þarf] fram skriflegar leiðbeiningar og viðmið um hlutverk kennara og nemenda í vinnustofum.“ Þessi lokaorð eru vísir að aðgerðamiðuðum viðbrögðum af hálfu skólans en að öðru leyti sér þeirra lítt stað í umræddri skýrslu.

Sjálfsmatsskýrsla skólaársins 2013–2014 er tilbúin að sögn skólameistara en hún hefur ekki verið sett á vef skólans og hún barst ekki í hendur úttektaraðila þótt eftir því væri leitað.

⁴⁶ *Sjálfsmatsskýrsla 2012–2013*. (2013).

⁴⁷ Sama heimild, sjá bls. 13–14.

Sjálfsmatskerfi skólans var athugað af ytri aðilum árin 2002 og 2008.⁴⁸ Í fyrra skiptið var matskerfið í mótun en í úttektinni 2008 var komin á það nokkur reynsla og fékk góða umsögn.

8.1 Starfsmannasamtöl

Engin umfjöllun er um starfsmannasamtöl í sjálfsmatskýrslu FL 2012–2013 en í drögum að skólanámskrá segir að starfsmönnum gefist kostur á starfsmannasamtali við skólameistara a.m.k. einu sinni á ári „um öll þau mál sem snerta starfsmanninn og vinnustaðinn.“

8.2 Mat úttektaraðila

- Reglubundið sjálfsmat hefur farið fram í FL um alllangt árabil.
- Sjálfsmatsáherslur eru skipulagðar fram í tímann.
- Virkja þarf kennara og nemendur betur við gerð innra mats en framkvæmd þess hefur að mestu hvílt á herðum skólameistara og áfangastjóra.
- Sjálfsmatskýrslur eru aðgengilegar á heimasíðu skólans en vekja má betur athygli á niðurstöðum sjálfsmats og efla umræðu um þær og ígrundun.
- Markvissar þarf að setja fram umbótatillögur á grundvelli sjálfsmats og fylgja þeim eftir.

⁴⁸ *Úttekt á sjálfsmatsaðferðum.* (2013).

9 Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Í lögum um framhaldsskóla er kveðið á um að foreldraráð skuli vera við alla framhaldsskóla. Því er samt ekki að heilsa við Framhaldsskólann á Laugum og er því einkum kennt um hve víða nemendur koma að. Áfangastjóri segir að tilraun hafi verið gerð til að stofna foreldrafélag fyrir um áratug en mistekist. Síðan hafi þessi umræða komið reglulega upp en ekkert orðið úr. Nú séu hún og námsráðgjafi að áforma tilraun sem byggist á veflægum samskiptum við foreldra, e.t.v. með fésbókarsíðu. Hún segir einnig að *Laugapósturinn*, rafrænt upplýsingarit til nemenda og starfsfólks FL,⁴⁹ sé á vissan hátt tilraun til boðsendinga frá skólanum og hún sendir öllum foreldrum átján ára nemenda og yngri bréf sem vísar á hann. *Laugapósturinn* kom fyrst út í ágúst 2013 og alls hafa komið út átta tölublöð, hið síðasta í nóvember 2014.

9.1 Tengsl við stofnanir

Formlegt samstarf er á milli FL og Ungmennafélagsins Eflingar um íþróttþjálfun barna og ungmenna þrisvar til fjórum sinnum í viku. Þá er formlegt samstarf við Þingeyjarsveit um rekstur íþróttahúss og skyndihjálparnámskeið í sveitarfélaginu eru sameiginleg. Samstarf er við Þekkingarnet Þingeyinga um dreifnámið á Þórshöfn og eins er Laugaskóli aðili að Fjarmentaskólanum. Formlegt samstarf er við VMA og iðnaðarmenn varðandi verklega kennslu á Þórshöfn.

Tengsl við aðra aðila, s.s. Ungmennafélagið Eflingu vegna leiklistar, eru meira á óformlegum nótum og byggjast að hluta til á hefðum.

Í viðtölum kom víða fram vilji til þess að koma á óformlegu sem formlegu samstarfi við Framhaldsskólann á Húsavík en engar skýrar hugmyndir eru um hvernig það verður best gert. Að mati formanns skólanefndar er báðum skólunum heillavænlegt, ef ekki nauðsynlegt, að hefja slíka samvinnu sem fyrst, t.d. um rekstur ferðamálabrautar. Í mögulegu samstarfi framhaldsskólanna tveggja sé einnig rétt að líta til Þekkingarnets Þingeyinga sem samstarfsaðila því þar sé þriðja meginstoðin í menntaumhverfi héraðsins að loknum grunnskóla.

9.2 Mat úttektaraðila

- Finna þarf leið til þess að koma á foreldrafélagi við FL og/eða móta reglubundinn samskipta- og umræðuvettvang foreldra.
- Auka þarf formlegt samband við aðra skóla og menntastofnanir í héraði með áherslu á breikkað námsframboð og virk kennarasamskipti.

⁴⁹ *Laugapóstur*. (2014).

10 Niðurstöður

Framhaldsskólinn á Laugum er fámennur heimavistarskóli í sveit. Sú sérstaða gefur tækifæri til persónulegrar þjónustu sem nemendur úr dreifbýli eru margir vanir og meta. Hver og einn hefur ákveðið hlutverk. Skólinn gefur sig ekki út fyrir að eiga ákveðið upptökusvæði en í ljósi sögunnar og landfræðilegrar legu hefur hann sterk tengsl við norðausturhluta landsins og af því kemur liðlega helmingur nemenda. Starfræksla framhaldsdeildar á Þórshöfn er virðingarverður vottur um tengsl og ræktarsemi við svæðið en þar stunda fimm nemendur fjarnám við FL. Skólinn er í mörgum húsum og hefur tiltölulega rúmt um starfsemi sína. Íþróttaaðstaða er mikil og sérstök að því leyti að nemendur hafa frían aðgang að henni allri. Nemendur frá Þórshöfn koma mánaðarlega í vikulangar námslotur og á skólinn auðvelt með að bjóða þeim aðstöðu á heimavist og í kennsluhúsnæðinu í lotunum. Unnið hefur verið að endurbótum og endurgerð elsta húsnæðisins og það lagað að þörfum skólans.

Nemendafjöldi hefur haldist nokkuð jafn á undanförunum árum og eru nemendur af öllu landinu, enginn þó af Norðurlandi vestra. Samþykkt nemendagildi af hálfu menntamálaráðuneytis eru 110 en skólameistari telur að fjölga megi þeim upp í 125, stækka námshópa og nýta þannig betur mannafla og fjármagn í rekstri skólans. Þótt nærumhverfi skólans sé ekki skilgreint sem helsta upptökusvæði hans er umhugsunarvert fyrir stjórnendur hversu lítil aðsókn er í skólann úr Suður-Þingeyjarsýslu, þ.e. Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi. Meðalfjöldi í hverjum árgangi 10–20 ára íbúa í þessum sveitarfélögum er 16–17 íbúar skv. talnagögnum Hagstofu Íslands og rúmlega fjórði hver sækir um nám í FL.

Flestir nemenda FL eru á „hefðbundnum“ framhaldsskólaaldri. Fjarvistir eru tiltölulega miklar og brotthvarf hlutfallslega of hátt og er leitað leiða til að bæta úr því. Nemendafélagið sinnir félagslífi en virkja þarf það til aukinnar þátttöku í hagsmunagæslu fyrir nemendur við ákvarðanir og ýmsa faglega vinnu innan skóla. Í *Aðalnámskrá framhaldsskóla* er mikil áhersla lögð á að skólar búi nemendur undir þátttöku í virku lýðræði sem er skilgreint sem einn af grunnþáttum menntunar. Þar segir enn fremur að kennsla og starfshættir innan skóla skuli fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felist þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að ungmenni taki þátt í samfélaginu.⁵⁰ Mikilvægt er fyrir skólann að huga að þessari þátttöku og virkja nemendur á öllum sviðum til lýðræðislegrar þátttöku í skólastarfinu. Að sjálfsögðu þarf að leiðbeina nemendum um á hvaða sviðum þeir geta látið að sér kveða með ábyrgum hætti.

Starfsmannavelta er nokkur og að meðaltali hefur skólinn þurft að auglýsa eina kennara-stöðu á hverju vori undanfarin ár. Í fámennum skóla reynir mikið á þverfaglega hæfni kennara þar sem þeir þurfa að kenna fleiri greinar en nákvæmlega sína faggrein. Allir kennarar skólans eru með leyfisbréf framhaldsskólakennara og almennt vel menntaðir. Á síðasta ári var talsvert um forföll vegna alvarlegra veikinda. Það var leyst með ráðningu leiðbeinanda auk þess sem kennarar tóku á sig aukna kennslu. Engin starfsþróunaráætlun liggur fyrir af hálfu skólans og segjast kennarar fá litla hvatningu frá stjórnendum til starfsþróunar en stuðningur sé nokkuð vís þegar eftir honum er leitað.

Formleg skólanámskrá Framhaldsskólans á Laugum liggur ekki fyrir en unnið er að gerð hennar í samræmi við lög um framhaldsskóla, ákvæði aðalnámskrár og áherslur skóla-samnings. Þessi vinna gengur hægt en í ársskýrslu skólans 2013 eru kynnt drög að skóla-námskrá þar sem finna má flest stefnuskjöl og markmið skólans. Eins og víðar háttar til í framhaldsskólum hefur verið ágreiningur við kennara um aðkomu þeirra að gerð skóla-námskrár og ýmissi annarri stjórnunarvinnu og vísað til kjarasamnings kennara í þeim efnum.

⁵⁰ *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011*. (2011), bls. 18.

Þetta hefur tafið vinnuna en unnið er að skilgreiningu námsbrauta í samræmi við áherslur aðalnámskrár og umritun í framhaldsskólaeiningar. Að sögn skólameistara er stefnt að þriggja ára námi til stúdentsprófs með að lágmarki 180 feiningar. Með nýjum kjarasamningi er vonast til að liðkist til um aðkomu kennara að gerð skólanámskrár og er stefnt að því að á vorönn 2015 verði drög að henni rædd og frágengin til formlegrar staðfestingar fyrir skólaárið 2015–2016.

Skólinn leggur áherslu á sveigjanlegt námsumhverfi og persónubundnar námsáætlanir. Kennsluhættir taka mið af þessu en hluti af kennslutíma fer fram í vinnustofum þar sem nemandinn ákveður sjálfur hvað hann tekur fyrir hverju sinni. Honum er þannig fengin aukin ábyrgð á eigin námi. Vandí skólans er hins vegar sá að kjarasamningur kennara gerir skólanum torvelt að ná fram nauðsynlegum sveigjanleika því hann tekur lítt eða ekki tillit til ólíkrar vinnu kennarans í vinnustofu og kennslustund. Í ljósi niðurstaðna úr sjálfsmati skólans þurfa stjórnendur og kennarar að endurhugsa form og fyrirkomulag vinnustofa og taka alvarlega skilaboð frá nemendum sem segja að vinnustofur nýtist ekki nægilega vel til náms. Sama afstaða kemur fram meðal kennara sem kveða ástundun nemenda í vinnustofum ófullnægjandi. Í skólasamningi er lögð áhersla á að þróa kennsluaðferðir og námsmat en hvoru tveggja þarf að fylgja betur eftir.

Um 5% nemenda eru af erlendum uppruna. Við innritun er þess gætt að skólinn geti veitt þeim þá þjónustu sem þarf. Hann hefur mótaða móttökuáætlun fyrir erlenda nemendur og virðist í stakk búinn til að mæta verkefninu. Einn kennari hefur skilgreint hlutverk sem íslenskukennari fyrir nemendur með annað móðurmál. Samkvæmt áætluninni gerir hann ásamt námsráðgjafa einstaklingsnámskrár fyrir þessa nemendur og fylgist með framgangi þeirra. Sérkennari vinnur með nemendum sem þurfa á séraðstoð að halda og eru flestir þeirra skráðir á almenna námsbraut. Starfið á henni er einstaklingsmiðað en um 30% nemenda brautarinnar eru með greiningar af einhverju tagi. Aðstaðna vegna hefur skólinn ekki treyst sér til að bjóða upp á nám á starfsnámsbraut. Starfandi námsráðgjafi hefur aðgang að sálfræðingi fyrir þá nemendur sem þess þurfa og er jafnframt í samstarfi við hjúkrunarfræðing og lækni ef á þarf að halda. Heilsugæslu er vel sinnt. Læknir og hjúkrunarfræðingur eru reglulega til staðar og til þeirra geta nemendur leitað.

Stjórnkerfi skólans er í samræmi við lög. Skipurit hans lýsir lítilli yfirstjórn og tiltölulega mikilli jafnstöðu starfsmanna. Ritið þarfnast endurskoðunar því af því má ráða að fjármála- stjóri sé hluti af stjórnkerfi skólans og hafi mannaforráð. Svo er hins vegar ekki í reynd heldur er hann hluti af þjónustusviði og og er án mannaforráða. Bryti (kokkur í mötuneyti), húsverðir og þvottastjóri heyra beint undir skólameistara en ekki fjármálastjóra eins og ráða má af skipuritinu. Stjórnendur eru því einungis tveir, skólameistari og áfangastjóri. Enginn sviðsstjóri er yfir þjónustusviði og heyrir það beint undir skólameistara. Á heimasíðu skólans eru starfslýsingar einstakra starfsmanna. Reglufesta í fundahaldi skólanefndar hefur riðlast og lítið samráð er á milli skólameistara og nefndarinnar. Reynt hefur á í rekstri og skólinn hefur verið rekinn með halla undangengin ár. Gott aðhald virðist ætla að leiða til viðsnúnings og skólinn verði innan fjárheimilda 2014.

Framhaldsskólinn á Laugum nýtur velvildar í næsta umhverfi sínu. Samskipti innan skóla eru alla jafna góð og nemendur lýsa almennt ánægju með skólann. Eldri nemendur sýna skólanum ræktarsemi með gjöfum og á hann mikið safn listaverka og annarra gjafa. Sjálfsmat fer reglubundið fram og er þess gætt að það spanni sem flesta þætti skólastarfsins. Matið er reist á traustum gögnum. Það er virkt tæki sem veitir upplýsingar um veikleika og styrkleika sem bregðast má við en markvissar þarf að setja fram umbótaáætlanir sem grundvallaðar eru á sjálfsmatinu og tryggja eftirfylgd með þeim. Hvorki nemendur, annað starfsfólk né foreldrar eiga aðild að sjálfsmatinu og kennarar eru litlir þátttakendur í framkvæmd þess. Því þarf að breyta og virkja þessa aðila til samstarfs og lýðræðislegrar þátttöku.

Það er umhugsunarvert að í S.-Þing eru tveir fámennir skólar, Framhaldsskólinn á Laugum og Framhaldsskólinn á Húsavík með einungis 40 km vegalengd sín á milli, að nánast ekkert samstarf skuli vera þeirra í milli. Þótt skólarnir keppi svolítið um sama nemendahópinn í héraði þá ættu að vera tækifæri til samvinnu þeirra á milli um sameiginlegt námsframboð sem eflt getur framhaldsnám á svæðinu. Taka má undir með formanni skólanefndar FL um aukið samstarf skólanna á milli. Bendir formaður skólanefndar á þörf námsbrautar í ferðaþjónustu en mikill uppgangur er á því sviði í héraðinu eins og víðar um land og þörf á menntuðum starfsmönnum. Að uppbyggingu náms á þessu sviði gætu skólarnir starfað saman. Þá er vissulega ástæða til fyrir FL að efla samstarf við Þekkingarnet Þingeyinga eins og formaðurinn bendir á. Þótt FL líti svo á að upptökusvæði hans sé landið allt er skólinn óþarflega mikið eyland í samfélagi sínu.

Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar:

- Framhaldsskólinn á Laugum er fámennur heimavistarskóli í sveit sem skapar honum sérstöðu meðal framhaldsskóla.
- Húsnæði FL rúmar auðveldlega þá starfsemi sem þar fer fram og þann nemendafjölda sem í skólanum er.
- Námsráðgjöf er vel sinnt og skólinn hefur góðan aðgang að heilsugæslu og sálfræðiþjónustu fyrir nemendur.
- Mötuneytismál eru í góðu lagi og nemendur virðast ánægðir með aðstöðu og aðbúnað á heimavistum.
- Skýrar reglur eru um umgengnishætti á heimavistum og þeim að mestu fylgt eftir.
- Unnið hefur verið að þróun kennsluhátta sem taka mið af veruleika skólans.
- Kennsluhættir miða að því að auka ábyrgð nemenda á eigin námi.
- Góð aðsókn hefur verið að FL svo heita má að skólinn hafi verið fullsetinn.
- Lítil aldursbreidd er í nemendahópnum og langflestir nemendur á „eðlilegum“ framhaldsskólaaldri.
- Skólinn leitar leiða til að stemma stigu við brotthvarfi.
- Vel er hugsað um nemendur með sérþarfir
- Kennarar eru vel menntaðir.
- Lítið er um forföll kennara.
- Mikil jafnstaða er meðal starfsmanna skólans.
- Sammæli er um að skólabragur sé að flestu leyti til fyrirmyndar.
- FL nýtur velvildar í næsta umhverfi sínu.
- Nemendur eru ánægðir með skóla sinn og bera honum gott vitni.
- Nemendafélagið sinnir vel félagslífi innan skólans.
- Mikil rækt er lögð við íþróttir enda aðstaða til iðkunar þeirra mjög góð. Leiklist nýtur einnig mikillar hylli og skipar veglegan sess.
- Reglubundið sjálfsmat hefur farið fram í FL um alllangt árabíl.
- Sjálfsmatsáherslur eru skipulagðar fram í tímann.
- Sjálfsmatsskýrslur eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Veikleikar:

- Formleg stefna FL hefur ekki verið mótuð.
- Ekki hefur verið gengið formlega frá skólanámskrá.
- Á heimasíðu FL er enginn hlekkur sem heitir skólanámskrá. Á henni eru hins vegar ýmsar upplýsingar sem telja má hluta af skólanámskrá.
- Forstöðumaður bókasafns FL hefur ekki tilskilda menntun.
- Þróun kennsluáferða og námsmats hefur ekki fylgt eftir þróun kennsluhátta.
- Vinnustofur nýtast nemendum ekki nógu vel til náms.
- Þátttaka kennara í þróunarverkefnum er lítil.
- Fremur lágt hlutfall nemenda kemur úr nærumhverfi hans í þingeystum sveitum.
- Talsvert ber á óstundvísi og skröpi meðal nemenda sem erfitt hefur reynst að taka á.
- Í fámennum skóla vegur hver nemandi sem hverfur frá námi þungt í hlutfallstölu.
- Af skólans hálfu virðist ekki mikið lagt upp úr þátttöku nemenda í starfi skólanefndar.
- Engin starfsþróunarstefna hefur verið mótuð en stutt er við kennara óski þeir eftir stuðningi til starfsþróunar og framhaldsmenntunar.
- Lítil starfsmannahópur reynir mikið á þverfaglega hæfni kennara.

- Skólanefnd fundar óreglulega og er ekki nægilega virkur samráðsaðili um stjórn skólans.
- Fundargerðir skólanefndar eru ekki birtar opinberlega á heimasíðu skólans.
- Rekstur hefur gengið erfiðlega síðustu ár og er skólinn í skuld við ríkissjóð.
- Upplýsingar skortir um hvernig verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli miðar áfram.

10.1 Aðgerðir

- Unnið verði að þróun kennsluáðferða í ljósi þeirra kennsluhátta sem innleiddir hafa verið og ábendinga sem fram koma í sjálfsmati skólans.
- Fylgja þarf eftir stefnumörkun um kennsluhætti sem sett er fram í drögum að skólanámskrá.
- Skerpa þarf á skilningi kennara og nemenda á tilgangi og hlutverki skólanámskrár og skólinn geri glöggar grein fyrir skólanámskrá sinni.
- Efla þarf vitund kennara og samstöðu um hvað felst í leiðsagnarmati og fá þá til fylgis við námsmat af því tagi.
- Endurskoða þarf form og fyrirkomulag menntaseturs FL á Þórshöfn í ljósi þess nemendahóps sem námið sækir.
- Virkja þarf nemendafélagið til aukinnar þátttöku sem hagsmunaaðila við ýmsa faglega vinnu og ákvarðanir innan skóla.
- Skipurit skólans þarfnast endurskoðunar þar sem það lýsir ekki nægilega vel þeirri stjórnskipan sem er í reynd.
- Til að vinna á hallarekstri og auka nýtingu á starfskröftum er nauðsynlegt að fjölga nemendáiðildum í þann hámarksfjölda sem heimavistir og önnur húsnæðisaðstaða geta borið.
- Kanna þarf ábendingar um að upplýsingar berist ekki nægilega greiðlega frá skólameistara til þeirra sem við eiga að taka og að oft sé óþarfa dráttur á hvort heldur er ákvarðanatöku ellegar framkvæmd.
- Skólanefnd þarf að funda reglulegar og verða þar með virkari samráðsaðili um stjórn skólans.
- Virkja þarf kennara og nemendur betur við gerð og framkvæmd innra mats og efla umræðu og ígrundun meðal þeirra um niðurstöður.
- Setja þarf fram markvissar umbótatillögur á grundvelli sjálfsmats og fylgja þeim eftir.
- Finna þarf leið til þess að koma á foreldrafélagi við FL og/eða móta reglubundinn samskipta- og umræðuvettvang foreldra.
- Auka þarf formlegt samband við aðra framhaldsskóla með áherslu á breikkað námsframboð og virk kennarasamskipti.

11 Heimildaskrá

Hér eru að öðru jöfnu aðeins taldar þær heimildir sem vitnað er beint til í meginmáli. Auk þeirra eru ýmis lög og reglugerðir, tölvupóstur og fleira ótilgreint.

- Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti.* (2004). Reykjavík: menntamálaráðuneyti.
- Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti.* (2011). Reykjavík: mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti.* 2. útgáfa. (2012). Reykjavík: mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Aðstaðan.* (2011). Vefslóð: <http://www.laugar.is/adstadan>.
- Ársskýrsla 2013.* (2014). Vefslóð: <http://www.laugar.is/images/stories/skrar/arsskyrsla-2013.pdf>.
- Áætlun um viðbrögð gegn einelti.* (2011). Vefslóð: <http://www.laugar.is/skolinn/aaetlanir/vidbrogd-vid-einelti>.
- Bókasafn.* [Án árs]. Vefslóð: <http://www.laugar.is/thjonusta/bokasafn>.
- Erlendir nemendur.* (2011). Vefslóð: <http://www.laugar.is/skolinn/aaetlanir/erlendir-nemendur>.
- Fundargerð skólanefndar FL.* (2014), 4. júlí. Gagn frá formanni skólanefndar.
- Hallur Birkir Reynisson. (2014). Bréf til úttektaðila, dags. 16.11.2014.
- Heilsugæsla.* (2011). Vefslóð: <http://www.laugar.is/thjonusta/heilsugaesla>.
- Heimavistirnar.* (2011). Vefslóð: <http://www.laugar.is/adstadan/heimavistirnar>.
- Jafnréttisáætlun.* (2012). Vefslóð: <http://www.laugar.is/skolinn/aaetlanir/jafnrettisaaetlun>.
- Laugapóstur.* (2014). Vefslóð: <http://www.laugar.is/laugapostur>.
- Mætingarreglur.* (2014). Vefslóð: <http://www.laugar.is/skolinn/reglur>.
- Mötuneyti: almennar upplýsingar.* [Án árs]. Vefslóð: <http://www.laugar.is/motuneyti>.
- Námsaðstaða.* [Án árs]. Vefslóð: <http://www.laugar.is/adstadan/namsadstada>.
- Námsráðgjafar.* (2011). Vefslóð: <http://www.laugar.is/thjonusta/namsradgjafar>.
- Nemendur Framhaldsskólans á Laugum á haustönn 2014.* Upplýsingar frá áfangastjóra FL.
- Reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007.*
- Reglur heimavistar og skóla.* (2011). Vefslóð: <http://www.laugar.is/adstadan/heimavistirnar/reglur-heimavistar>.
- Saga skólahalds á Laugum.* (2011). Vefslóð: <http://www.laugar.is/skolinn/saga-skolahalds>.
- Sjálfsmatskýrsla 2012–2013.* (2013). Vefslóð: <http://www.laugar.is/skolinn/skyrslur/sjalfsmat>.
- Skipurit.* (2011). Vefslóð: <http://www.laugar.is/skolinn/starfsfolk/skipurit>.
- Skólasamningur 2013–2014.* (2013). Vefslóð: <http://www.laugar.is/skolinn/skyrslur/skolasamningur-2013-2014>
- Skólinn.* (2011). Vefslóð: <http://www.laugar.is/skolinn>.
- Skrifstofa.* (2011). Vefslóð: <http://www.laugar.is/thjonusta/skrifstofa>.
- Starfssvið.* (2011). Vefslóð: <http://www.laugar.is/skolinn/starfsfolk/starfssvid>.
- Tölvumál.* [Án árs]. Vefslóð: <http://www.laugar.is/thjonusta/tolvumal>.
- Úttekt á sjálfsmatsaðferðum.* (2013). Vefslóð: <http://www.laugar.is/skolinn/skyrslur/uttekt-a-sjalfsmatsadferdum>.
- Vímuvarnir.* (2011). Vefslóð: <http://www.laugar.is/skolinn/vimuvarnir>.
- Þórshöfn.* (2014). Vefslóð: <http://www.laugar.is/namid/thorshofn>.
- Þvottahús.* [Án árs]. Vefslóð: <http://www.laugar.is/thjonusta/thvottahus>.

Viðtöl (hljóðrituð) við viðmælendur í Framhaldsskólanum á Laugum:

- Áfangastjóri
- Bryti
- Fjármálastjóri
- Formaður skólanefndar
- Húsvörður
- Námsráðgjafi
- Netstjóri/tækjavörður
- Ritari
- Rýnihópur kennara
- Rýnihópur nemenda á Laugum
- Rýnihópur nemenda á Þórshöfn
- Sérkennari
- Skólameistari
- Skólasafnvörður
- Stjórn nemendafélagsins
- Verkefnisstjóri Þórshafnardeildar
- Þvottastjóri

12 Fylgiskjöl

Akureyri 18. september 2014

Efni: Úttekt á starfsemi Framhaldsskólans á Laugum

Eins og fram kemur í bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 10. september 2014, hefur okkur undirrituðum verið falið að annast úttekt á Framhaldsskólanum á Laugum. Markmiðið er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá framhaldsskóla. Úttektin verður byggð á fyrirliggjandi gögnum, viðtölum við einstaklinga og hópa, auk vettvangsathugana.

Við óskum eftir góðu samstarfi við stjórnendur skólans og starfsfólk og viljum í upphafi biðja um að tekin verði saman eftirtalin gögn og send til undirritaðra fyrir 1. október nk.:

- *Ársskýrsla 2013.*
- *Skólanámskrá.*
- *Sjálfsmatsskýrsla 2013–2014.*
- *Upplýsingar um nemendur:*
 - *Aðsókn og innritun nemenda á vorönn 2014 og haustönn 2014.*
 - *Þróun í innritun nemenda að hausti frá 2009.*
 - *Hvaðan koma nemendur (póstnúmer – hlutfall haust 2013 og haust 2014)?*
 - *Fjöldi innritaðra nemenda 15. janúar 2014 og 15. september 2014, skipt eftir árgöngum og kynjum.*
 - *Skipting nemenda á námsbrautir 2009–2014 greind eftir kynjum.*
 - *Meðalstærð námshópa vor og haust 2014.*
 - *Fjarvistarskráning nemenda vorið 2014.*
 - *Brottfall nemenda og þróun á árunum 2009–2014.*
 - *Brautskráningar af einstökum námsbrautum 2009–2014.*
- *Upplýsingar um starfsfólk:*
 - *Stjórnendur, starfshlutfall og kennsluskylda, kynjaskipting.*
 - *Fjöldi kennara í föstum stöðum og starfshlutfall skipt eftir kynjum.*
 - *Fjöldi leiðbeinenda og starfshlutfall (hálf starf eða meira), skipt eftir kynjum.*
 - *Fjöldi stundakennara, kennslutímar pr. viku, skipt eftir kynjum.*
 - *Fjöldi annars starfsfólks í föstum stöðum og starfsheiti, skipt eftir kynjum.*
- *Menntun kennara:*
 - *Fjöldi kennara með BA/BS-próf auk kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með doktorspróf auk kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með háskólapróf án kennsluréttinda.*
 - *Fjöldi kennara með aðra menntun.*
 - *Eru kennarar skólans menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna?*
 - *Endurmenntunarstefna. Hvernig er endurmenntun/starfsþróun kennara háttað?*
 - *Starfsaldur kennara við skólann, (<3 ár; 3–5 ár; 6–10 ár; 11–15 ár; >15 ár; fjöldi).*
 - *Upplýsingar um starfsmannaveltu við skólann sl. fimm ár.*
- *Skipurit skólans.*
- *Námstími nemenda við brautskráningu.*
- *Umfang forfalla kennara á vorönn 2014.*
- *Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara á vorönn 2014.*
- *Upplýsingar um sérstakar áherslur sem skólinn leggur í námi og kennslu.*
- *Upplýsingar um skólaþróunarverkefni sem unnið var að á skólaárinu 2013–2014.*
- *Fyrri úttektir eða kannanir á starfsemi skólans.*

Ef einhverjar ofangreindra upplýsinga liggja fyrir á vef nægir að vísa á þær þar.

Til frekari gagnaöflunar óskum við eftir því að fá að koma í heimsókn í skólann mánudag og þriðjudag 6.–7. október nk. Ef einhverjir meinbugir eru á því að taka á móti okkur þá daga biðjum við þig að láta okkur vita sem allra fyrst. Í heimsókninni vildum við eiga viðtöl við eftirtalda aðila eins og hér segir:

Mánudagur 6. október

8:30–10:00	Skólameistari.
10:00–10:30	Umsýslumenn sjálfsmats og verkefnisstjórn þróunarverkefnis (skólameistari og áfangastjóri).
10:45–11:15	Nemendaráð og félagsráðunautur.
11:30–12:15	Skólasafnvörður og netstjóri og tækjavörður.
13:00–13:45	Námsráðgjafi og sérkennari.
14:00–14:45	Rýnihópur kennara: Sviðsstjóri af hverju námssviði auk eins kennara af sviði (8 kennarar).
15:00–15:30	Húsverðir og bryti.
15:45–16:15	Þvottastjóri og húsbændur.
16:30–17:00	Formaður foreldraráðs.

Þriðjudagur 7. október

8:30–9:15	Fjármálastjóri og ritari.
9:30–10:15	Rýnihópur nemenda (átta nemendur valdir af stjórn nemendafélags, tveir nemendur af hverju námssviði).
10:30–11:15	Áfangastjóri.
11:30–12:00	Verkefnisstjóri Þórshafnardeildar auk þriggja nemenda (fjarfundur).
13:00–13:30	Formaður skólanefndar.

Óskað er eftir því að sviðsstjóri velji einn kennara af sínu sviði með sér í rýnihóp. Þá verður leitað eftir því við formann nemendaráðs að finna nemendur í rýnihóp. Óskað er eftir því að skólameistari leiti eftir því við aðra viðmælendur að taka þátt í samræmi við framangreint. Tekið skal fram að ef hagfelldara er fyrir skólann að hafa aðra uppröðun á viðtölunum er ekkert því til fyrirstöðu að breyta henni í samráði við skólameistara.

Með bestu kveðju.

